



ÁRSSKÝRSLA

SEÐLABANKA ÍSLANDS



2024

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

Á forsiðu er teikning sem sýnir Seðlabanka Íslands. Hún er byggð á grunnteikningum Sóleyjar Bartsch og Atla Sigursveinssonar fyrir bankann.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, sedlabanki@sedlabanki.is, www.sedlabanki.is

ISSN 2772-0837

Efnisyfirlit

I	Markmið og stefna	5
	Stöðugt verðlag	5
	Fjármálastöðugleiki	5
	Traust og örugg fjármálastarfsemi	6
II	Stefnan í peningamálum	7
	Verðbólga, vextir og gengi á árinu 2024	7
	Peningastefnunefnd	9
	Ákvarðanir peningastefnunefndar 2024	9
III	Fjármálastöðugleiki	11
	Almennt	11
	Staða fjármálastöðugleika	11
	Rekstraröryggi og alþjóðleg samvinna	13
	Greiðslumiðlun	13
	Greiðsluveitan ehf.	14
	Skilavald	14
	Fjármálastöðugleikanefnd	15
	Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar 2024	15
IV	Fjármálaeftirlit	17
	Fjármálaeftirlitsnefnd	17
	Eftirlit með fjármálafyrirtækjum	17
	Eftirlit með váttryggingastarfsemi	20
	Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar	20
	Eftirlit með verðbréfamarkaði	20
	Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda	21
	Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða	21
	Eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	22
	Vettvangsathuganir	22
	Mat á hæfi, virkir eignarhlutir og starfsleyfi	22
	Viðurlagamál á árinu 2024	23
V	Önnur viðfangsefni	24
	Gjaldeyrisforði	24
	Lánamál ríkissjóðs	25
	Alþjóðleg samskipti	27
	Reiðufé	29
	Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals	29

VI	Stjórn, skipulag og mannauður	30
	Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar	30
	Bankaráð	30
	Nefndir bankans	30
	Skipulag	31
	Verkefni sviða	31
	Innra eftirlit og áhættustýring	33
	Framkvæmdir og endurbætur	34
	Seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar, bankaráð og framkvæmdastjórar Seðlabanka Íslands 31. desember 2024	34
VII	Sjálfbærni	36
	Umhverfismál	36
	Félagslegir þættir og stjórnarhættir	36
	Markmið og samstarf bankans í loftslagsmálum	37
	Kortlagning loftslagsáhættu og innleiðing í kjarnastarfsemi bankans	38
	Stuðningur við umbreytingar vegna loftslagsbreytinga	38
VIII	Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands	40
	Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið	41
IX	Ársreikningur 2024	42
	Áritun óháðs endurskoðanda	44
	Staðfesting ársreiknings Seðlabanka Íslands	46
	Rekstrarreikningur 2024	47
	Efnahagsreikningur 31. desember 2024	48
	Eiginfjárfirlit	50
	Sjóðstreymisýfirlit	51
	Skýringar	52
X	Viðaukar	82
	Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2024	82
	Ritaskrá Seðlabanka Íslands árið 2024	83
	Sjálfbærniuppgjör Seðlabanka Íslands	84
XI	Tölur	95
	Tafla 1 Vextir við Seðlabanka Íslands	95
	Tafla 2 Vísitölur meðalgengis og raungengis krónunnar	96
	Tafla 3 Yfirlit yfir útgefið reiðufé Seðlabanka Íslands í árslok	97
	Tafla 4 Bindiskylduhlutföll (%)	97
	Tafla 5 Helstu vextir sem birtir hafa verið samkvæmt 2. mgr. 10. gr. og bráðabirgðaákvæði III laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu (%)	98
	Tafla 6 Dæmi um árlegt meðaltal vaxta nokkurra útlána innlánsstofnana og dráttarvaxta (%)	98
	Tafla 7 Fjöldi aðila undir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	99
	Tafla 8 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	100
	Tafla 9 Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands	101

Markmið og stefna



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra. Fjármála- og efnahagsráðuneyti fer jafnframt með málefni sem varða fjármálastöðugleika og fjármálamarkaði. Lög um Seðlabankann, nr. 92/2019, kveða svo á að hann skuli stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Seðlabankinn fer enn fremur með öll verkefni sem fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Í lögnum um Seðlabankann segir jafnframt að hann skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn markmiðum bankans.

Stöðugt verðlag

Seðlabankanum er heimilt með samþykki ráðherra að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans frá 27. mars 2001 segir að Seðlabankinn muni stefna að því að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.¹ Lögin um Seðlabankann veita honum fullt sjálfstæði til að beita stjórnþækjum bankans í peningamálum til þess að ná markmiðinu um stöðugt verðlag.

Stjórnþæki Seðlabankans í peningamálum eru vextir bankans, viðskipti við lánastofnanir önnur en

þrautavaralán, bindiskylda, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf.

Fimm manna peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð. Nefndin setur sér stefnu í peningamálum sem birt er opinberlega. Í nefndinni sitja seðlabankastjóri sem er formaður, varaseðlabankastjórar peningastefnu og fjármálastöðugleika og tveir utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af forsætisráðherra.

Peningastefnunefnd fundar að minnsta kosti sex sinnum á ári og gefur út yfirlýsingu um ákvarðanir sínar í lok fundar. Fundargerð er birt tveimur vikum eftir fund.

Fjármálastöðugleiki

Í fjármálastöðugleika felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Sjö manna fjármálastöðugleikanefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og að ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljist kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Í fjármálastöðugleikanefnd sitja seðlabankastjóri sem er formaður, varaseðlabankastjórnarnir þrír og þrír utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytisstjóri eða tilnefndur emb-

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Lítills háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.

ættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármála-
stöðugleika skal eiga sæti á fundum nefndarinnar með
málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Fjármálastöðugleikanefnd fundar að minnsta
kosti fjórum sinnum á ári og gefur út yfirlýsingu um
ákvörðanir sínar í lok fundar. Fundargerð er birt innan
mánaðar frá fundi.

Traust og örugg fjármálastarfsemi

Markmið opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi er
að stuðla að því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé
í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir
sem hverju sinni gilda um starfsemina. Í fjármálaeftir-
litsstefnu Seðlabanka Íslands segir að markmið hennar
sé að stuðla að skilvirkum og öruggum fjármálamarkaði
sem uppfyllir kröfur í lögum, reglum og viðmiðum sem
um hann gilda og samræmist heilbrigðum og eðli-
legum viðskiptaháttum. Tilgangurinn er að draga úr
líkum á því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til
tjóns fyrir almenning og að fjármálamarkaðurinn njóti
trausts til að gegna þjóðhagslegu hlutverki sínu.

Fjármálaeftirlitsnefnd tekur þær ákvörðanir sem
taldar eru upp í 1. mgr. 15. gr. laga um Seðlabanka
Íslands. Þá setur nefndin stefnu um beitingu stjórnsýslu-

viðurlaga og þvingunarúrræða og skal veita umsögn
um stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti. Í nefnd-
inni sitja seðlabankastjóri sem er formaður, varaseðla-
bankastjórar fjármálaeftirlits og fjármálastöðugleika og
þrír utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af fjármála-
og efnahagsráðherra.

Fjármálaeftirlitsnefnd fundar eins oft og þörf er á,
að jafnaði ekki sjaldnar en sex sinnum á ári, og gefur út
yfirlýsingu sé tilefni til.

Í þessari skýrslu er nánari grein gerð fyrir fram-
vindu og helstu þáttum í starfi bankans á ofangreindum
þremur meginviðum starfseminnar. Þá er greint frá
varðveislu gjaldeyrisforðans, greiðslumiðlun, verkefnum
á sviði lánamála ríkissjóðs, alþjóðlegum samskiptum og
öðrum viðfangsefnum. Auk þess er í skýrslunni birtur
ársreikningur bankans.



Bankaráð Seðlabanka Íslands á árinu 2024, auk seðlabankastjóra sem situr fundi ráðsins og hefur þar tillögurétt og tekur þátt í umræðum. Sitjandi frá vinstri eru Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, Gylfi Magnússon formaður og Þórunn Guðmundsdóttir varaformaður. Standandi frá vinstri eru Sigríður Andersen, Arnar Bjarnason, Sigurjón Arnórsson, Þorsteinn Víglundsson og Kírstín P. Flygenring.

Stefnan í peningamálum



Samkvæmt lögum skal Seðlabanki Íslands stuðla að stöðugu verðlagi. Í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um verðbólguþröngun frá 27. mars 2001 er markmiðið um stöðugt verðlag skilgreint sem 2½% hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum. Lögin kveða einnig á um að peningastefnunefnd Seðlabankans taki ákvarðanir um beitingu stjórnþækla bankans í peningamálum til að ná markmiðinu.

Verðbólga, vextir og gengi á árinu 2024

Verðbólga var að meðaltali 5,9% á árinu 2024 samanborið við 8,8% árið 2023. Hún mældist 6,7% í byrjun árs 2024 en tók að hjaðna þegar leið á árið og í lok þess var hún orðin 4,8%. Verðbólga án húsnæðis var að meðal-


tali 3,8% á árinu og munur á verðbólgu með og án húsnæðis jókst framan af ári en minnkaði undir lok þess. Undirliggjandi verðbólga hjaðnaði einnig þegar leið á árið og mældist 4,4% í desember miðað við meðaltal ólíkra mælikvarða sem Seðlabankinn horfir til, eða 1,5 prósentum minni en hún var í byrjun ársins.

Aukinn kostnaður vegna eigin húsnæðis var einn af meginþröngum verðbólgu á árinu samhliða miklum umsvifum á fasteignamarkaði. Að hluta mátti rekja það til flutninga íbúa Grindavíkur og fasteignakaupa þeirra í kjölfar jarðhræringa á Reykjanesi. Kostnaður vegna eigin húsnæðis jókst nokkuð á fyrri hluta ársins og náði ársþækkunin hámarki í 15% í ágúst en tók svo að minnka á seinni hluta ársins og mældist 10,8% í desember. Í júní breytti Hagstofa Íslands um aðferð við útreikning á reiknaðri húsaleigu þegar tekin var upp aðferð húsaleigugildis.


Verðþækkun á þjónustu skýrði einnig töluverðan hluta verðbólgu árið 2024. Ársþækkun á verði þjónustu minnkaði á haustmánuðum sem mátti að miklu leyti rekja til þess að gjöld fyrir skólamáltíðir í grunnskólum og skólagjöld í nokkrum háskólum voru afnumin. Í desember hafði verð almennrar þjónustu hækkað um 4,2% milli ára og nam ársþækkunin á verði opinberrar þjónustu 6,2%. Þjónustuverðbólga var því enn mikil í lok ársins.

Í kjölfar mikilla þækkana á matvælavæðri árið áður dró úr ársþækkuninni árið 2024 og nam hún um 4% í lok árs samanborið við rúmlega 11% í desember 2023. Einnig dró úr innfluttri verðbólgu á árinu en verð innfluttrar vöru hafði hækkað um 1% í desember frá fyrra ári.

Í byrjun árs 2024 voru meginvextir Seðlabankans, þ.e. vextir á 7 daga bundnum innlánum, 9,25% og




héldust þeir óbreyttir þar til í október er peningastefnu- nefnd ákvað að lækka þá um 0,25 prósentur í 9%. Í nóvember ákvað nefndin að lækka vexti bankans enn frekar eða um 0,5 prósentur. Í lok árs voru meginvextir bankans því 8,5%.



Rökin fyrir lækkun vaxta á seinni hluta ársins voru þau að verðbólga hafði minnkað og var hjöðnun hennar á nokkuð breiðum grunni. Undirliggjandi verðbólga hafði einnig minnkað og verðbólguvæntingar lækkað á nokkra mælikvarða. Áfram hafði hægt á efnahagssumsvifum í takt við aukið peningalegt aðhald og vísbendingar voru um að dregið hefði úr spennu á vinnumarkaði. Í ljósi þess að taumhald peningastefnunnar, mælt með raunvöxtum bankans, hafði aukist framan af ári var hægt að lækka vexti en viðhalda jafnframt hæfilegu aðhaldsstigi. Nefndin taldi að taumhald peningastefnunnar þyrfti áfram að vera þétt þar sem ýmsar vísbendingar væru um að enn væri þróttur í þjóðarbúskapnum og þótt hægt hefði á vexti innlendrar eftirspurnar væri þróunin afar hæg. Þrálat verðbólga og verðbólguvæntingar yfir markmiði kölluðu því á varkárni.

Raunvextir bankans miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs voru 4,5% í lok ársins og höfðu hækkað um 1,6 prósentur frá upphafi árs. Yfir sama tímabil hækkuðu raunvextir bankans miðað við tólf mánaða verðbólgu um 2 prósentur og voru 3,5% í lok árs.

Gengi krónunnar var fremur stöðugt á fyrri hluta ársins en tók að lækka í ágúst að hluta vegna þess að fjárfestar tóku að loka framvirkum stöðum sínum. Innflæði vegna kaupa erlendra aðila á ríkisskuldabréfum jókst með haustinu og gengi krónunnar hækkaði



aftur í september. Það hækkaði svo enn frekar í nóvember en líklegt er að innflæði tengt yfirtöku bandaríska félagsins John Bean Technologies á Marel hafi litað þróunina undir lok ársins. Á árinu hækkaði gengi krónunnar um 4% gagnvart meðaltali gjaldmiðla helstu viðskiptalanda.

Seðlabankinn beitti einu sinni inngrípi á gjald- eyrismarkaði á árinu þegar hann keypti gjaldeyri fyrir 9,2 ma.kr. í febrúar til að bregðast við áhrifum mikils erlends innflæðis á skuldabréfamarkaði. Hlutdeild bankans í veltunni á millibankamarkaði með gjaldeyri nam 4,2% á árinu.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði nokkuð framan af ári en tók að lækka í ágúst í takt við aukna bjartsýni fjárfesta um hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta Seðlabankans. Skuldabréfavextir lækkuðu allt þar til í desember þegar þeir hækkuðu lítillega aftur. Í lok árs var ávöxtunarkrafa tíu ára óverðtryggðra ríkisbréfa 6,5% sem er svipað og í lok árs 2023. Ávöxtunarkrafa tíu ára verðtryggðra ríkisskuldabréfa lækkaði lítillega á árinu og var 2,5% í lok desember samanborið við 2,7% á sama tíma árið áður.



Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir haglíknum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stöðugt er unnið að þróun haglíkana til að meta efnahagshorfur og greina áhrif peningastefnunnar. Liður í því að auka gegnsæi er að Seðlabankinn birtir meginspálíkan sitt og gagnagrunn þess á vef sínum.

Nánari umfjöllun um þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og um stefnu og aðgerðir bankans á þessum sviðum á árinu má finna í fundargerðum peningastefnunefndar og í ritinu *Peningamál* sem var gefið út fjórum sinnum á árinu.

Peningastefnunefnd

Samkvæmt lögum tekur peningastefnunefnd Seðlabankans ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum. Stjórnækjin teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvæðanir, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavaralán, bindiskylda, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf.

Peningastefnunefnd var í byrjun árs skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndar-

innar, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu og staðgengli formanns, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Ásgerði Ósk Pétursdóttur, lektor við Háskólann í Bath á Englandi og Herdís Steingrímsdóttur, dósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn. Hinn 1. ágúst 2024 var Tómas Brynjólfsson skipaður varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og tók hann sæti Gunnars Jakobssonar sem lét af störfum 1. maí 2024 en hann hafði gegnt embættinu frá 1. mars 2020. Arnór Sighvatsson var settur í embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika frá 1. maí til 31. júlí 2024, eða þar til Tómas Brynjólfsson var skipaður í embættið.

Peningastefnunefnd hélt sjö fundi á árinu 2024, þar af einn aukafund, og gaf út yfirlýsingu um ákvörðun sína eftir hvern fund. Þá birti nefndin fundargerðir sínar opinberlega hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun var tilkynnt. Í fundargerðum nefndarinnar kemur fram mat á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum, rökstuðningur fyrir ákvörðunum nefndarinnar og upplýsingar um hvernig atkvæði nefndarmanna féllu. Í samræmi við ákvæði laga um Seðlabankann gaf peningastefnunefnd Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á árinu.

Ákvarðanir peningastefnunefndar 2024

Ákvarðanir nefndarinnar um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum voru með eftirfarandi hætti:

7. febrúar: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir, Herdís Steingrímsdóttir og Ásgerður Ósk Pétursdóttir greiddu atkvæði með tillögunni. Gunnar Jakobsson greiddi atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og vildi lækka vexti um 0,25 prósentur.

20. mars: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir, Herdís Steingrímsdóttir og Ásgerður Ósk Pétursdóttir greiddu atkvæði með tillögunni. Gunnar Jakobsson greiddi atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og vildi lækka vexti um 0,25 prósentur.

2. apríl (aukafundur): Seðlabankastjóri lagði til að föst bindiskylda innlánsstofnana yrði hækkuð úr 2% í 3% af bindigrunni. Allir nefndarmenn á fundinum, Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir, Ásgerður Ósk Pétursdóttir og Herdís Steingrímsdóttir studdu ákvörðunina.

8. maí: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir, Herdís Steingrímsdóttir og Ásgerður Ósk Pétursdóttir greiddu atkvæði með tillögunni. Arnór Sighvatsson greiddi atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og vildi lækka vexti um 0,25 prósentur.

21. ágúst: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

2. október: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra en Herdís Steingrímsdóttir hefði þó fremur kosið að halda vöxtum óbreyttum.

20. nóvember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra. Nefndin ákvað einnig að samræma birtingu vaxta í vaxtatöflu Seðlabankans

þannig að allir vextir í vaxtatöflunni verði framvegis birtir sem nafnvextir. Breytingin tók gildi 20. nóvember 2024 og hafði eingöngu áhrif á birtingu vaxta á viðskiptareikningum í Seðlabankanum.



Peningastefnunefnd eins og hún var skipuð í árslok. Sitjandi frá vinstri eru Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður peningastefnunefndar, og Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu. Standandi frá vinstri eru Ásgerður Ósk Pétursdóttir, lektor við Háskólann í Bath á Englandi, Tómas Brynjólfsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, og Herdís Steingrímsdóttir, dósent við Copenhagen Business School.

Fjármálastöðugleiki

III

Almennt

Samkvæmt lögum skal Seðlabanki Íslands stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfið búi yfir nægum viðnámsþrótti til að standast áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum, geti miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.

Seðlabankinn fylgist með og greinir stöðu fjármálakerfisins og bregst við ef þörf er á til að vinna gegn þróun sem gæti grafið undan stöðugleika þess. Bankinn fylgist jafnframt vel með stöðu einstakra fjármálafyrirtækja, fjármálamarkaða, fjármálainnviða, heimila og fyrirtækja, ytri stöðu þjóðarþúsins, fjármagnsflæði og endurfjármögnunaráhættu innlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum. Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans á sviði fjármálastöðugleika til að efla og varðveita stöðugleika.

Seðlabankinn skal einnig stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

Staða fjármálastöðugleika

Hagvöxtur jókst til muna eftir að sóttvarnaraðgerðum var aflétt árið 2022, en seinni hluta ársins 2023 byrjaði hagkerfið að kólna og á árinu 2024 varð hagvöxtur lítill. Aðhald þjóðhagsvarúðartækja var nánast óbreytt á árinu en bit peningastefnunnar jókst þar sem raunvextir hækkuðu samhliða minnkandi verðbólgu.

Nafnvextir voru háir allt árið 2024 og þar sem verðbólga minnkaði um þrjár prósentur á árinu hækkaði raunvaxtastig talsvert. Samhliða hækkuðu raunvextir verðtryggðra markaðsskuldabréfa umtalsvert og sömu sögu má segja um raunvexti verðtryggðra útlána


til fyrirtækja og heimila. Hækkun raunvaxta á árinu minnkaði mun á greiðslubyrði óverðtryggðra og verðtryggðra útlána nokkuð. Mörg heimili og fyrirtæki brugðust við háu nafnvaxtastigi með því að færa óverðtryggða lántöku að hluta yfir í verðtryggða. Aðhaldsstig peningastefnunnar náði þannig bæði vel til óverðtryggðrar og verðtryggðrar lántöku.

Geta heimila og fyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar breyttist þó almennt lítið á árinu en skuldsetning einkageirans, t.d. miðað við landsframleiðslu, var með því lægsta sem sést hefur hér á landi um áratugaskeið.

Jafnframt var atvinnuleysi lítið og laun hækkuðu. Minni verðbólga og lækkun meginvaxta Seðlabankans á árinu ásamt góðu aðhaldi þjóðhagsvarúðarstefnu hafði jákvæð áhrif á fjármálastöðugleika.

Viðskiptabankarnir voru reknir með ágætum hagnaði og arðsemi á árinu. Hreinar vaxtatekjur jukust fyrstu þrjá fjórðunga ársins sem rekja má til stækkunar á efnahagsreikningi bankanna en vaxtamunur minnkaði miðað við sama tímabil árið áður. Á fjórða ársfjórðungi lækkuðu hreinar vaxtatekjur og vaxtamunur stóru bankanna nokkuð. Þetta hafði þau áhrif að hreinar vaxtatekjur fyrir árið í heild voru óbreyttar miðað við árið á undan. Skýringin á minni vaxtatekjum á fjórða ársfjórðungi var mikið og jákvætt verðtryggingarmisvægi bankanna, þ.e. verðtryggðar eignir fjármagnaðar með óverðtryggðum skuldum. Á fjórða ársfjórðungi jukust verðtryggðar eignir bankanna lítið vegna breytinga á vísitölu neysluverðs, þ.e. verðbætur voru litlar. Vaxtatekjur af verðtryggðum eignum lækkuðu því töluvert á fjórðungnum en á sama tíma breyttust vaxtagjöld óverðtryggðra skulda lítið. Minnkandi verðbólga á sama tíma og nafnvextir breyttust lítið hafði því neikvæð áhrif


Mynd III-1

Húsnæðisverð¹

1. Vísitalur húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu (des. 1997–des. 2024), raunvitar með vísitölu neysluverðs. Raunverð atvinnuhúsnæðis er meðaltal iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd III-2

Skuldir heimila og fyrirtækja sem hlutfall af vergri landsframleiðslu¹

1. Heildarskuldir heimila og fyrirtækja að frátöldum eignarhaldsfélögum, að kröfuvirði, í hlutfalli við verga landsframleiðslu síðustu fjögurra ársfjórðunga. Frá 1F-1990 til 3F-2024.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

á hreinar vaxtatekjur bankanna. Að sama skapi hafði það jákvæð áhrif á vaxtatekjur þegar verðbólga jókst hraðar en nafnvextir á árunum 2022 og 2023.

Mikið verðtryggingarmisvægi getur því bæði haft neikvæð og jákvæð áhrif á tekjur og þar með arðsemi bankanna. Tæplega þrír fjórðu hlutar tekna stóru viðskiptabankanna eru hreinar vaxtatekjur og þróun þeirra hefur því mikil áhrif á afkomu þeirra. Mikið verðtryggingarmisvægi getur leitt til þess að afkoma bankanna verður sveiflukenndari sem eykur óvissu og hefur þar með neikvæð áhrif á stöðu bankanna.

Verðtryggingarmisvægi stóru viðskiptabankanna í heild meira en tvöfaldaðist á árinu og í lok árs var það um 84% af eigin fé bankanna. Undir lok ársins brugðust bankarnir við með aðgerðum til að draga úr verðtryggingarmisvægi sínu. Líklega er hér um að ræða

tímabundna áhættu í efnahagsreikningum bankanna. Fastlega má reikna með að eftirspurn eftir óverðtryggðum útlánnum aukist með lækkandi nafnvöxtum á kostnað verðtryggðra útlána.

Aðstæður á fjármálamörkuðum bötnuðu nokkuð seinni hluta ársins sem hafði jákvæð áhrif á þóknunartekjur bankanna sem þó lækkuðu lítið eitt milli ára. Bætt staða á fjármálamörkuðum hafði á hinn bóginn mun meiri áhrif á hreinar tekjur af fjármálastarfsemi en þær rúmlega tvöfölduðust á milli ára.

Kostnaður bankanna þróaðist í takt við verðbólgu á árinu og breyttist raunkostnaður því lítið. Grunnrekstur bankanna gaf eilítið eftir seinni hluta ársins, en var þó með ágætum á árinu öllu og hefur sjaldan verið sterkari.

Þrátt fyrir hátt vaxtastig á árinu jukust ný útlán töluvert á árinu og nokkuð umfram verðbólgu. Eftirspurn eftir verðtryggðum útlánnum var mikil á árinu en á sama tíma lækkaði stofn óverðtryggðra útlána nokkuð. Þrátt fyrir hátt vaxtastig var virðisrýrnun útlána hófleg og ef virðisrýrnun vegna náttúruhamfaranna í Grindavík er undanskilin var virðisrýrnun útlána lítil á árinu. Hlutfall útlána í vanefndum jókst lítið eitt hjá fyrirtækjum á árinu en hjá heimilum breyttist hlutfallið lítið. Vanskilahlutföll heimila og fyrirtækja voru í árslok mjög lág í sögulegu samhengi. Sömu sögu má segja um hlutfall útlána fyrirtækja með ívilnun en fjárhæð útlána fyrirtækja með ívilnun lækkaði nokkuð á árinu.

Aðgengi viðskiptabankanna að erlendu fjármagni var gott á árinu en segja má að aðstæður á erlendum lánsfjármörkuðum hafi verið hagfelldar. Vaxtálág á skuldabréf bankanna í erlendum gjaldmiðlum lækkaði stöðugt á árinu en skuldabréfaútgáfa bankanna erlendis fór að mestu leyti fram á seinni hluta ársins. Samhliða útgáfunni hækkuðu lausafjárhlutföll bankanna. Lausafjárstaða bankanna var mjög sterk í lok ársins, eða vel yfir kröfum Seðlabankans.

Eiginfjárstaða bankanna var einnig vel yfir lögbundnum lágmarkum í árslok, þrátt fyrir umtalsverðar arðgreiðslur og endurkaup eigin bréfa. Fjármálafyrirtækin búa jafnframt yfir nægu eigin fé og hæfum skuldbindingum til að mæta MREL-kröfum skilavalds Seðlabanka Íslands.

Viðnámspróttur viðskiptabankanna var mikill í lok ársins 2024 en sterkt og öflugt bankakerfi skiptir sköpum við að viðhalda starfhæfu fjármálakerfi og varðveita fjármálastöðugleika. Slík staða er mjög mikilvæg nú þar sem óvissa um alþjóðlegar efnahagshorfur hefur aukist á sama tíma og óvissa innanlands hefur minnkað. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum Íslands minnkaði á árinu og samhliða byrjuðu seðlabankar að



lækka vexti sem hafði jákvæð áhrif á efnahagssumsvif. Áframhaldandi stríðsátökum fylgdi þó nokkur óvissa.

Rekstraröryggi og alþjóðleg samvinna

Fjármálakerfið stendur frammi fyrir stöðugt vaxandi netógn. Fjölpáttáðgnir hafa hvarvetna verið í brenni-depli og ekkert lát er á netárásam bæði hér á landi og erlendis, jafnvel alvarlegum. Afar brýnt er að aðilar á fjármálamarkaði hafi yfir að ráða öflugu öryggiskerfi gegn slíkum árásam og að leitað sé allra leiða til að auka sem mest viðnámsþrótt fjármálakerfisins að því er þetta varðar. Vegna þess hefur Seðlabankinn lagt ríka áhersla á rekstraröryggi íslenskra fjármálainnviða og greiðslumiðlunar.

Á árinu var lögum nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands breytt þannig að Seðlabankanum er nú heimilt, í þágu aukins viðnámsþróttar, öryggis og virkni greiðslumiðlunar og að fengnu samþykki fjármálastöðugleikaneftndar, að setja reglur um rekstraröryggi greiðslumiðlunar. Geta þær tekið til innviða rafrænnar smágreiðslumiðlunar, innviða greiðslumiðlunar við útlönd og seðla og myntar. Heimilt er í reglunum að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir eins og t.d. fyrirkomulag innviða greiðslumiðlunar, netöryggi, tilhögun greiðslufyrirmæla, ábyrgð og uppgjör greiðslna og fleira.

Unnið hefur verið að gerð samhæfingaráætlunar um viðbrögð aðila á fjármálamarkaði vegna rekstraratvika auk þess sem Seðlabankinn tók þátt í ýmsum viðbúnaðaræfingum og stóð fyrir netöryggisprófunum. Markmiðið með því að fyrir liggi samhæfingaráætlun fyrir fjármálamarkaðinn er að tryggja sem allra best snemmbær, samhæfð og skilvirk viðbrögð við rekstraratvikum. Þá hefur verið unnið að því að koma á lagginnar sérstakri atvikamiðstöð til að einfalda samskipti milli aðila, stytta boðleiðir og lágmarka áhættu í fjármálakerfinu.

Á fundum samstarfsvettvangs um rekstraröryggi fjármálainnviða (SURF), sem Seðlabankinn leiðir, var m.a. fjallað um helstu ógnir sem talið er að steðji að íslenskum fjármálamarkaði og á hans vegum hefur verið unnið að kortlagningu þjónustupátta í greiðslumiðlun auk þess sem fulltrúar í SURF áttu aðkomu að gerð fyrrnefndrar samhæfingaráætlunar.

Seðlabankinn hefur innleitt umgjörð fyrir TIBER-netöryggisprófanir fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru mikilvæg fyrir íslenskt fjármálakerfi, TIBER-IS.¹ Prófanir eru þegar hafnar í því skyni að greina veikleika í vörnum, bregðast við þeim og efla þannig viðnámsþrótt. Lögð er áhersla á að þjálf einstaklinga sem starfa innan íslenska fjármálakerfisins í netvörnum. Með innleiðingu á reglugerðinni um rekstraröryggi fyrirtækja á fjármálamarkaði (e. DORA) verða gerðar mun ríkari kröfur til fyrirtækja á fjármálamarkaði en nú er sem ætla má að verði til þess að auka rekstraröryggi og viðnámsþrótt fjármálakerfisins enn frekar.

Greiðslumiðlun

Seðlabankinn skal stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Í þessu felst m.a. að Seðlabankanum ber að stuðla að viðnámsþrótti greiðslumiðlunar og að til staðar séu

1. Um TIBER-IS, sjá vefsíðu Seðlabankans, hér: <https://www.sedlabanki.is/fjarmalastodugleiki/yfirsyn-fjarmalainnvida/netoryggisprafanir/>.

virkar greiðsluleiðir þannig að hvers kyns viðskipti almennings, fyrirtækja og hins opinbera geti gengið hnökralaust fyrir sig. Traustir og öruggir fjármálainnviðir eru þannig undirstaða virkni hagkerfisins og mikilvægir fyrir öll meginmarkmið Seðlabankans.

Seðlabankinn hefur undanfarin ár lagt ríka áherslu á rekstraröryggi fjármálainnviða og greiðslumiðlunar en greiðslumiðlun hér á landi er að verulegu leyti raf-ræn og notkun reiðufjár að sama skapi lítil.

Millibankakerfi (MBK) Seðlabankans telst samkvæmt ákvörðun fjármálastöðugleikaneftdar vera kerfislega mikilvægur fjármálainnviður hér á landi sem felur það m.a. í sér að röskun á starfsemi MBK er talin geta haft áhrif á fjármálastöðugleika. Ákveðið hefur verið að viðmið PFMI-kjarnareglu BIS og leiðbeiningar CPMI/IOSCO um netviðnámsgetu skuli lögð til grundvallar við rekstur og yfirsýn MBK.² Í því regluverki er rík áhersla lögð á varnir gegn rekstraráhættu og virka áhættu-stýringu. Úttekt MBK gagnvart PFMI hófst á árinu 2023 og er áætlað að henni ljúki á árinu 2025.

Seðlabankinn hefur undanfarin ár haft til skoðunar fýsileika þess að nýta hér á landi millibankagreiðslukerfi Seðlabanka Evrópu (ECB) og undirritaði seðlabankastjóri á árinu viljayfirlýsingu við Seðlabanka Evrópu um að greina og skoða málið enn frekar. Hagkvæmnismat er þegar hafið og áformað að því verði lokið á árinu 2025. Annars vegar er lagt mat á rauntímauppgjörskerfi ECB (TIPS) og hins vegar á rauntíma storgreiðslukerfi ECB (T2). Endanleg ákvörðun í þessum eignum verður ekki tekin fyrr en eftir að ítarleg greining hefur farið fram á kerfum ECB með hliðsjón af tækni-, rekstrar-, laga- og öryggiskröfum Seðlabankans.³

Seðlabankinn hefur undanfarin misseri unnið að því, í samstarfi við innlánsstofnanir, að koma á fót innlendri smágreiðslulausn, sem yrði óháð erlendum innviðum, í því skyni að efla viðnámsþrótt greiðslumiðlunar hér á landi. Aðilar í greiðslumiðlun, sem uppfylla tilteknar kröfur, gætu tengst innviðum og boðið einstaklingum upp á að nota hann til að greiða fyrir vörur í verslunum. Greiðslan sjálf yrði framkvæmd með núverandi innviðum fyrir millifærslur milli banka-reikninga en til viðbótar yrði sett upp sérstakt kerfi fyrir greiðslubeiðnir sem opnar fyrir aðgengi að lausninni fyrir aðila sem bjóða upp á greiðslulausnir fyrir einstaklinga. Tæknilegri hönnun á hinum miðlæga innvið

er lokið og hefur verið auglýst eftir nánari útfærslu og kostnaðarmati fyrir hann.⁴

Greiðsluveitan ehf.

Greiðsluveitan ehf. er félag í 100% eigu Seðlabankans og hefur það meginhlutverk að leiða samræmingu og framþróun fjármálainnviða fyrir greiðslumiðlun á Íslandi í umboði Seðlabankans.

Greiðsluveitan hefur umsjón með þremur samstarfsvettvöngum fyrir hönd Seðlabankans: framtíðarvettvangi, reglubókaráði og greiðsluráði. Framtíðarvettvangur hefur haft til umfjöllunar tillögur um mögulegt samstarf á sviði fjármálainnviða, þ. á m. samrekstur hraðbanka, samstarf um erlendar greiðslur og samstarf um innlenda óháða smágreiðslulausn. Reglubókaráð vann að útgáfu reglubókar fyrir rauntímagreiðslumiðlun og er með til skoðunar reglubók fyrir kröfugreiðslur. Vinnuhópur á vegum greiðsluráðs skilaði skýrslu um rof í greiðslumiðlun og áhrif þess á Ísland. Í framhaldi var ábendingum komið á framfæri við dómsmálaráðuneytið.

Greiðsluveitan er þátttakandi í alþjóðlegu samstarfsverkefni á vegum Evrópusambandsins um samevrópska stafræna veskislausn sem býður upp á greiðslur milli landa (EU Digital Wallet).

Skilavald

Skilavald er hluti af Seðlabanka Íslands og starfar í samræmi við lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020. Skilavaldið hefur heimild til að taka ákvarðanir um skilameðferð og beitingu skilaúrræða hjá fjármálafyrirtækjum sem teljast vera á fallanda fæti (e. failing or likely to fail), þ.e. geta ekki eða munu ekki geta staðið við skuldbindingar sínar.

Á árinu 2024 lauk innleiðingu annarrar tilskipunar ESB um endurbætur og skilameðferð banka (BRRD II) þegar fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf út reglugerð um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, nr. 700/2024. Samhliða gildistöku reglugerðarinnar var MREL-stefna skilavalds Seðlabanka Íslands uppfærð og birt á vef bankans. Í kjölfar gildistökkunnar gaf Seðlabankinn jafnframt út reglur um gildistöku reglugerða ESB um endurbótaáætlanir og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 800/2024, til að innleiða tæknilega staðla sem tengdust BRRD II-tilskipuninni. Reglur um framkvæmd skilavalds Seðlabanka Íslands voru einnig uppfærðar á árinu. Í stað

2. PFMI, Principles for Financial Market Infrastructures, eru kjarnareglur um innviði fjármálamarkaða og CPMI stendur fyrir nefnd um greiðslu- og markaðsinnviði sem vistuð er hjá Alþjóðagreiðslubankanum (BIS) og IOSCO stendur fyrir Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði.

3. Sjá nánar frétt á vefsíðu Seðlabankans, hér: [TARGET millibankagreiðslukerfi](#).

4. Sjá nánar [Sérít Seðlabankans nr. 16](#) (2023).

eldri reglna, nr. 1733/2021, sem felldar voru úr gildi, hafa reglur nr. 540/2024 öðlast gildi.

Meginverkefni skilavaldsins er að semja skilaáætlanir fyrir fjármálafyrirtæki og undirbúa þannig aðgerðir komi til falls fjármálafyrirtækis. Skilaáætlanir byggjast á stefnumiðaðri viðskiptagreiningu þar sem m.a. eru greind nauðsynleg starfsemi og kjarnastarfs-svið hvers fyrirtækis. Í skilaáætlunum skal ákvarða æskilegustu skilastefnu, greina mögulegar útfærslur á æskilegustu skilastefnu og öðrum skilastefnum og tilgreina þær aðgerðir sem skilavaldið mun grípa til ef sú staða kemur upp að tiltekið fjármálafyrirtæki er á fallanda fæti. Við samþykkt skilaáætlunar er tekin ákvörðun um MREL-kröfur fyrir hvert fyrirtæki.

Við upphaf árs samþykkti skilavaldið skilaáætlanir fyrir fjóra sparisjóði: Sparisjóð Austurlands, Sparisjóð Höfðhverfinga, Sparisjóð Strandamanna og Sparisjóð Suður-Þingeyinga. Á haustmánuðum 2024 voru skilaáætlanir fyrir kerfislega mikilvægu bankana þrjá (KMB) uppfærðar. Þá var á árinu lokið við fyrstu skilaáætlun Kviku banka, en áætlunin var endanlega samþykkt í ársbyrjun 2025. Samhliða samþykkt skilaáætlana umræddra lánastofnana voru teknar ákvarðanir um MREL-kröfur þeirra. Jafnframt voru KMB settar kröfur um undirskipan (e. subordination) MREL-hæfra gerninga. Kröfurnar eru hluti af innleiðingu BRRD II og mæla nánar fyrir um samsetningu á fjármögnun banka, þ.e. eiginfjárgerningum og hæfum skuldbindingum.

Fjármálastöðugleikanefnd

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljast kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Þá samþykkir nefndin einnig stjórnvaldsfyrirmæli og tekur þær ákvarðanir sem henni er falið að taka með lögum.

Fjármálastöðugleikanefnd var í byrjun árs skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og staðgengli formanns, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu, Björk Sigurgísladóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Axel Hall lektor, Bryndísi Ásbjarnardóttur hag-

fræðingi og Guðmundi Kr. Tómassyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra. Ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Gunnar Jakobsson lét af störfum í lok apríl. Hinn fyrsta maí var Arnór Sighvatsson settur varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og gegndi þeirri stöðu þar til Tómas Brynjólfsson var skipaður í embættið 1. ágúst.

Fjármálastöðugleikanefnd hélt fimm fundi á árinu. Nefndin birtir ákvarðanir sínar opinberlega í yfirlýsingu eftir fundi sína og gerir þar grein fyrir beitingu stjórnækja á sviði fjármálastöðugleika ásamt mati sínu á ástandi og horfum í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Fundargerðir nefndarinnar eru birtar opinberlega á heimasíðu Seðlabanka Íslands innan mánaðar frá fundi. Í fundargerðunum og í ritinu *Fjármálastöðugleiki*, sem var gefið út tvisvar á árinu, má finna nánari umfjöllun um fjármálastöðugleika og um stefnu og aðgerðir bankans á þessu sviði. Í samræmi við ákvæði laga um bankann gaf fjármálastöðugleikanefnd Alþingi á árinu skýrslu um störf sín.

Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar 2024

Á fundi sínum í febrúar 2024 ákvað fjármálastöðugleikanefnd að rýmka lánþegaskilyrðin fyrir einstaklinga sem áttu íbúðarhúsnæði í Grindavík 10. nóvember 2023, við næstu kaup þeirra á íbúðarhúsnæði. Hámark greiðslubyrðar hækkaði úr 35% í 40% og hámark veðsetningar úr 80% í 85%. Um tímabundna breytingu var að ræða sem fellur úr gildi 1. mars 2027.

Á fundum sínum í mars, júní, september og desember 2024 ákvað fjármálastöðugleikanefnd að halda gildi sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki óbreyttu í 2,5% af innlendum áhættuskuldbindingum. Nefndin birti í desember 2024 viðmið við ákvörðun sveiflujöfnunarauka. Þar leggur nefndin til að gildi aukans sé jákvætt við aðstæður þegar hvorki er merki um aukna né litla áhættu í fjármálakerfinu. Jákvætt hlutlaust gildi aukans skuli að jafnaði vera á bilinu 2-2,5% af innlendum áhættuskuldbindingum.

Fjármálastöðugleikanefnd lauk í desember 2024 árlegu endurmati á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum og eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis. Nefndin staðfesti kerfislegt mikilvægi Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. Nefndin ákvað að hækka eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis úr 2% í 3% á allar áhættuskuldbindingar kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja. Það var mat nefndarinnar að fall eins

af kerfislega mikilvægu bönkunum myndi hafa verulega neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika hér á landi og líklegast hafa talsverð smitáhrif í för með sér fyrir önnur fjármálafyrirtæki og hagkerfið í heild. Því þótti nefndinni rétt að fullnýta það svigrúm sem til staðar væri í lögum um fjármálafyrirtæki og hækka aukann úr 2% í 3%.

Í desember 2024 lauk fjármálastöðugleikanefnd einnig endurmati á kerfisáhættuaukanum sem skal lögum samkvæmt fara fram annað hvert ár. Gildi aukans hafði verið óbreytt frá innleiðingu hans árið 2016, og numið 3% af innlendum áhættuskuldbindingum þeirra fjármálafyrirtækja sem heimild hafa til móttöku innlána. Að mati nefndarinnar hafði viðnámsþróttur fjármálakerfisins aukist frá því að aukinn var fyrst innleiddur, m.a. vegna beitingar þjóðhagsvarúðartækja, sterkrar erlendar stöðu þjóðabúsins og stórs gjaldeyrisforða. Nefndin ákvað því að lækka kerfisáhættuaukann úr 3% í 2%.

Fjármálastöðugleikanefnd fjallaði ítarlega um stöðuna á fasteignamarkaði á öllum fundum ársins. Fyrir utan áðurnefndar breytingar á lánþegaskilyrðunum fyrir einstaklinga sem áttu íbúðarhúsnæði í Grindavík 10. nóvember 2023, ákvað nefndin að halda lánþega-

skilyrðunum óbreyttum á árinu. Hámark greiðslubyrðar af fasteignalánum var því 35% af ráðstöfunartekjum árið 2024 en 40% fyrir fyrstu kaupendur og hámark veðsetningarhlutfalls var 80% af markaðsverði en 85% fyrir fyrstu kaupendur.

Fjármálastöðugleikanefnd ítrekaði einnig á fundum sínum og í yfirlýsingum á árinu 2024 mikilvægi öryggis í innlendri greiðslumiðlun. Hún áréttaði einnig að innleiðingu innlendrar óháðrar smágreiðslulausnar skyldi hraðað og mikilvægi þess að innleiðing á sjálfstæðri greiðslulausn hæfist á árinu 2025. Nefndin taldi að fjármálakerfið stæði frammi fyrir vaxandi utanaðkomandi ógn, svo sem af netarásum. Nefndinni voru kynntar viðbragðsáætlanir sem miða að því að varðveita greiðslumiðlun ef netsamband við útlönd rofnar og greiðslukort, sem treysta á erlenda innviði alþjóðlegra kortasamsteypa, verða óvirk.



Fjármálastöðugleikanefnd, eins og hún var í árslok 2024. Sitjandi frá vinstri eru Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar, Tómas Brynjólfsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, og Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits. Standandi frá vinstri eru Hermann Sæmundsson, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, með málfrelsi og tillögurétt í nefndinni en án atkvæðisréttar, Bryndís Ásbjarnardóttir hagfræðingur, Axel Hall, lektor í Háskólanum í Reykjavík, og Guðmundur Kristján Tómasson, fyrirverandi framkvæmdastjóri fjármálainnviða hjá Seðlabanka Íslands.

Fjármálaeftirlit

IV

Seðlabanki Íslands skal stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Seðlabankinn fer með þau verkefni sem fjármálaeftirliti eru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Bankinn fylgist með að starfsemi eftirlitskyldra aðila sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli og að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, sbr. lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá fylgist bankinn með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila taki mið af neytenda-vernd.

Fjármálaeftirlitsnefnd

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans tekur þær ákvarðanir sem taldar eru upp í 1. mgr. 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands, m.a. um álagningu stjórnvaldssekta, dagsekta, kæru til lögreglu vegna meintra brota, afturköllun starfsleyfis vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota og frávíkningu stjórnarmanns og framkvæmdastjóra vegna brotlegrar háttsemi. Þá setur nefndin stefnu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga og þvingunarúrreða og skal veita umsögn um stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti.

Á árinu 2024 hélt fjármálaeftirlitsnefnd átta fundi en auk þess tók nefndin nokkur mál til meðferðar utan funda eins og henni er heimilt að gera.

Fjármálaeftirlitsnefnd var í byrjun árs 2024 skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Björk Sigurgísladóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, sem er staðgengill formanns, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Ástu Þórarinsdóttur hagfræðingi, Guðrúnu Þorleifsdóttur, skrifstofustjóra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Gunnari Þór Péturssyni, prófessor við

Háskólann í Reykjavík. Í febrúar var Erna Hjaltested lögmaður skipuð í nefndina í stað Guðrúnar Þorleifsdóttur. Gunnar Jakobsson lét af embætti í maí og var Arnór Sighvatsson hagfræðingur settur tímabundið í embættið, eða þar til Tómas Brynjólfsson var skipaður varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika í ágúst.

Í ritinu *Fjármálaeftirlit*, sem gefið er út einu sinni á ári, er nánar fjallað um starfsemi bankans á sviði fjármálaeftirlits. Í samræmi við ákvæði laga um Seðlabankann gefur fjármálaeftirlitsnefnd Alþingi árlega skýrslu um störf sín á liðnu ári.

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum

Undir eftirlit Seðlabanka Íslands með fjármálafyrirtækjum fellur m.a. eftirlit með viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánaþyrirtækjum, verðbréfaþyrirtækjum, greiðslustofnunum og rafeyrisþyrirtækjum.

Megináhersla í eftirliti með fjármálafyrirtækjum, þegar horft er til fjárhagslegra áhættuþátta, er að þau búi við sterka eiginfjár- og lausafjárstöðu til að tryggja fjárhagslegan styrk þeirra til að mæta óvæntum áföllum. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins og hins vegar sértækar athuganir sem taka mið af áhættumati og aðstæðum hverju sinni.

Þrír viðskiptabankar, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar af fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans. Eftirlit með kerfislega mikilvægum bönkum er nokkuð umfangsmikið verkefni og felur í sér reglulega og kerfisbundna yfirferð á gögnum og upplýsingum um stöðu bankanna. Einnig eru framkvæmdar sértækar athuganir og greiningar ásamt því sem viðtöl

eru tekin við tiltekna stjórnendur og aðra lykilstarfsmenn og endurskoðendur. Fylgst er með þróun lykiláhættuvísa í rekstri bankanna og mat lagt á sjálfbærni viðskiptastefnu og lífvænleika viðskiptalíkans þeirra til a.m.k. þriggja ára. Þá er mat lagt á stjórnarhætti og innra eftirlit hjá þeim og margvíslegir áhættupættir í rekstri þeirra teknir til skoðunar og rýndir með kerfisbundnum hætti.

Eftirlit á árinu 2024

Þrátt fyrir efnahagslegar áskoranir hefur rekstur viðskiptabankanna gengið vel, arðsemi var góð, eiginfjár- og lausafjárhlutföll sterk og vanskil heimila og fyrirtækja jukust minna en búast mátti við. Að mati fjármálaeftirlitsins eru lífvænleiki viðskiptalíkana og sjálfbærni viðskiptastefnu viðskiptabankanna viðunandi. Hnattræn stjórnmalaleg áhætta (e. geopolitical risk) er vaxandi áhættupáttur í rekstri fjármálafyrirtækja og mun fjármálaeftirlitið veita þeim áhættupætti aukna athygli í mati sínu á sjálfbærni viðskiptastefnu fjármálafyrirtækja.

Eftirlit með útlánaáhættu á árinu 2024 litaðist af þeirri óvissu sem hefur skapast vegna sviptinga í ytra umhverfi efnahagsmála, svo sem verðbólgu og háum vöxtum, jarðhræringum og eldsumbrotum á Reykjanesi og stríðsátökum úti í heimi. Stöðugur vöxtur hefur verið í útlánasöfnum kerfislega mikilvægra banka á undanförnum árum, hvort sem lítið er til fyrirtækjalána eða lána til einstaklinga. Lítils háttar aukning hefur verið í vanskilum hjá bönkunum á undanförunum mánuðum en varúðarsjóðir hafa ekki stækkað í samræmi við aukningu útlána og vanskila og eru því hlutfallslega minni en fyrir heimsfaraldurinn. Fjármálaeftirlitið mun leggja áherslu á að fylgjast með mati á virðisrýrnun og varúðarsjóðum hjá bönkunum.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að heildarumgjörð og eftirlit með rekstraráhættu séu vel skilgreind og að þekking og vitund stjórna og stjórnenda fyrirtækja á fjármálamarkaði um rekstraráhættu sé til staðar. Rekstraráhætta og umfang hennar hefur almennt verið að aukast í rekstrarumhverfi slíkra fyrirtækja og því er mikilvægt að dagleg stjórnun áhættunnar sé traust. Áhætta tengd notkun á upplýsingatækni í fjármálakerfinu er mikil og hefur verið að aukast síðastliðin ár. Netárásir, t.d. DDoS-árásir, voru nokkrar á árinu 2024 og skiptu rétt viðbrögð við þeim miklu máli. Á árinu var unnið að innleiðingu DORA-reglugerðarinnar sem áætlað er að taki gildi hér á landi á síðari hluta ársins 2025.

Undanfarin misseri hefur verðbólguþróun verið mikill áhrifavaldur í eftirliti með markaðs- og fast-

vaxtaáhættu. Eftir að hafa verið í sögulegu lágmarki árin á undan tók verðbólga að aukast í árslok 2021. Seðlabankar heimsins hækkuðu stýrivexti sína til að bregðast við verðbólgunni sem leiddi til lækkunar á gengi hlutabréfa og hækkunar á útlánsvöxtum til heimila og fyrirtækja. Aukning verðtryggðra eigna umfram aukningu verðtryggðra skulda hjá lánastofnunum hefur leitt til þess að verðtryggingaráhætta er nú með mesta móti í sögulegu samhengi. Verðtryggingamismisvægi bankanna jókst um 347 ma.kr. á árinu 2024 og nam 641 ma.kr. í árslok.

Fjármálaeftirlitið greinir og leggur mat á hvort veikleikar í stjórnarháttum og innra eftirliti fjármálafyrirtækja skapi áhættu og hafi áhrif á starfsemi og sjálfbærni þeirra. Áhersla er lögð á að meta hvort fyrirkomulag stjórnarháttar tryggi trausta stjórnun áhættu og feli í sér viðeigandi innra eftirlit.

Eins og árið áður var lagt mat á sjálfbærni-áhættu viðskiptabankanna í árlegu könnunar- og matsferli. Sjálfbærniáhætta var áfram meðhöndluð eins og aðskilinn áhættupáttur þótt stefnt sé að því að mat á áhættunni verði hluti af mati á áhættupáttum almennt. Að mati fjármálaeftirlitsins eru ekki vísbendingar um að viðskiptabankarnir standi frammi fyrir verulegri sjálfbærniáhættu.

Lausafjárhlutföll viðskiptabankanna hækkuðu lítillega á árinu 2024. Hlutföll bankanna voru á bilinu 163-359% í lok árs. Laust fé viðskiptabankanna nam 808 ma.kr. í lok síðasta árs og laust fé umfram kröfur var 356 ma.kr. Hlutföll stöðugrar fjármögnunar hækkuðu lítillega á árinu 2024 frá árinu áður, en hlutföllin hreyfast að jafnaði lítið. Aðgengi viðskiptabankanna að erlendu fjármagni batnaði þegar leið á árið samhliða hagfelldari aðstæðum á erlendum lánsfjármörkuðum. Vaxtaálag á skuldabréf bankanna í erlendum gjaldmiðlum lækkaði jafnt og þétt yfir árið og í árslok var álagið á svipuðum stað og í byrjun árs 2022.

Rekstrarafkoma kerfislega mikilvægu bankanna var prýðileg á árinu 2024. Samanlagður hagnaður eftir skatta nam 87,9 ma.kr. sem er aukning frá fyrra ári þegar hagnaðurinn var 83,5 ma.kr. Arðsemi eigin fjár var 12,1% að meðaltali árið 2024 samanborið við 12,2% árið 2023. Grunnrekstur var ásættanlegur en hreinar vaxtatekjur stóðu nánast í stað á milli ára, hreinar þóknatekjur lækkuðu lítillega og kostnaðarhlutfall hækkaði um 0,9 prósentur frá fyrra ári og nam 39,5% í árslok.

Könnunar- og matsferli (SREP)

Árlega framkvæmir fjármálaeftirlitið ítarlegt könnunar- og matsferli (e. supervisory review and evaluation pro-

cess, SREP) hjá viðskiptabönkunum fjórum. Í ferlinu er meðal annars lagt mat á lífvænleika viðskiptalíkans og sjálfbærni viðskiptastefnu, stjórnarhætti og innra eftirlit, útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og viðskiptabankarnir látnir gangast undir álagspróf. Við mat á þessum áhættuþáttum er stuðst við *Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum*. Hin almennu viðmið voru endurskoðuð á árinu 2024 og eru byggð á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni (EBA/GL/2022/03). Jafnframt er höfð hliðsjón af ýmsum öðrum viðmiðunarreglum.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um að hve miklu leyti þær áhættumildandi ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættu í rekstri séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur ásamt lausafjár- og fjármögnunarstöðu sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Ferlið felur jafnframt í sér að fjármálaeftirlitið leggur mat á og ákveður viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækis (stoð II-R) sem segir til um það eigið fé sem nauðsynlegt er að hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hafi tiltækt vegna áhættu sem það stendur frammi fyrir eða gæti þurft að mæta til viðbótar við lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn (stoð I).

Hjá öðrum fjármálafyrirtækjum en viðskiptabönkunum fer könnunar- og matsferli sjaldnar fram, þ.e. að jafnaði annað til þriðja hvert ár nema aðstæður kalli á aukna tíðni. Þess á milli fer fram umfangsminna árlegt áhættumat fyrir þessi fjármálafyrirtæki. Þetta er í samræmi við það grundvallarsjónarmið í áhættumiðuðu eftirliti að eftirlit sé umfangsmeira með fyrirtækjum sem geta ógnað fjármálastöðugleika eða valdið stórum hópi viðskiptavina miklu tjóni.

Á árinu 2024 var eiginfjárukum breytt í tvígang. Fyrri breytingin tók gildi í mars með ákvörðun fjármálastöðugleikaneftirlitsins í mars 2023 um hækkun sveiflujöfnunarauka úr 2% í 2,5%. Síðari breytingin var gerð í desember þegar tveir aðrir eiginfjárukauk tóku breytingum. Annars vegar eiginfjáruki vegna kerfislegs mikilvægis og hins vegar kerfisáhættuauki. Eiginfjáruki vegna kerfislegs mikilvægis hækkaði úr 2% í 3% og kerfisáhættuauki lækkaði úr 3% í 2%. Heildareiginfjárkrafa á kerfislega mikilvægu bankana þrjá verður nánast óbreytt við þessa breytingu. Heildareiginfjárkrafan lækkar á hinn bóginn hjá innlánsstofnunum sem ekki teljast kerfislega mikilvægar.

Í júní 2024 var birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og

Landsbankanum hf. um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn, þ.e. til viðbótar við lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjáruka. Nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn hjá kerfislega mikilvægu bönkunum á bilinu 1,8-2,5%, sem kemur vel heim og saman við 2,8% óvegið meðaltal ríkja innan ESB, og heildarkrafa um eiginfjárgrunn hjá þeim á samstæðugrunni er á bilinu 19,5-20,4% með eiginfjárukum.

Í sama mánuði var birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Kviku banka hf. og nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn fyrir hann 3,6% og heildarkrafa um eiginfjárgrunn 18,1%. Jafnframt var í janúar 2025 birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Fossum fjárfestingarbanka hf. sem lokið var við í desember 2024. Viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn fyrir bankann nemur 9,1% og heildarkrafa um eiginfjárgrunn 22,1%.

Endurbótaáætlanir

Lánastofnanir þurfa að vera með tilbúna endurbótaáætlanir um það hvernig bregðast skuli við hugsanlegum áföllum eða álagi, sbr. IX. kafla A laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið fer yfir endurbótaáætlanir lánastofnana. Stefnt er að því að meiri áhersla verði lögð á greiningar á einstökum þáttum endurbótaáætlananna við yfirferð fjármálaeftirlitsins á þeim.

Í byrjun árs 2024 tóku nýjar viðmiðunarreglur EBA um heildargetu til endurbóta (EBA/GL/2023/06) gildi á Íslandi og var í eftirlitsstarfsemi fjármálaeftirlitsins meðal annars lögð áhersla á að tryggja fylgni við þær. Í júní 2024 tóku svo gildi ný leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2024, um innihald einfaldra endurbótaáætlana.

Á árinu vann Seðlabankinn jafnframt að uppfærslu á eigin viðbragðsáætlun við lausafjár- eða eiginfjárvanda lánastofnana. Viðbragðsáætlun Seðlabankans var prófuð á sameiginlegri viðbragðsæfingu með seðlabönkum og fjármálaeftirlitum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í september 2024 þar sem æfð voru viðbrögð við fjármálaáfalli þriggja ímyndaðra banka. Á æfingunni var farið í gegnum þrjú stig í viðbrögðum við bankaáfalli: 1) frá hefðbundinni starfsemi til endurbótaaðgerða þar sem tekist var á við lausafjávanda, 2) frá endurbótum til skilameðferðar þar sem skilastjórnvald fór með yfirráð yfir banka og 3) eftir skilameðferð þar sem endurreistur banki hóf starfsemi að nýju. Æfingin tókst vel og mun Seðlabankinn nýta þann lærdóm sem dreginn var af henni í því skyni að efla viðbúnað gegn fjármálaáföllum.

Evrópusamstarf

Samstarf við EBA hefur áhrif á reglubundið eftirlit með fyrirtækjum á fjármálamarkaði, en áherslur EBA endur-

speglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins. Þá er laga- og regluverk á bankamarkaði undirbúið og unnið á vettvangi EBA og fylgist fjármálaeftirlitið grannt með þeirri vinnu, meðal annars með þátttöku í vinnuhópum og nefndum stofnunarinnar. Fjármálaeftirlitið tekur einnig þátt í ýmiss konar samstarfi við Norðurlöndin og Eyrstrasaltsríkin tengdu fjármálaeftirliti.

Eftirlit með váttryggingastarfsemi

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með váttryggingafélögum og öðrum aðilum sem dreifa váttryggingum. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri váttryggingafélaganna eru greindir. Hins vegar er um að ræða sér-
tækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Framkvæmdar eru greiningar á helstu áhættuþáttum sem tengjast þróun á markaði auk þess sem fylgst er náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfs-
hættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat váttryggingafélaga (ORSA) tekið til skoðunar. Reglubundið eftirlit með váttryggingafélögum snýr m.a. að gjaldþolsstöðu þeirra og getu til að mæta fjárhagslegum skuldbindingum. Fjármálaeftirlitið fer yfir reglubundin gagnaskil og tekur viðtöl við forstjóra, ábyrgðaraðila lykilstarfssviða og endurskoðendur félaganna. Þá metur fjármálaeftirlitið árlega þá áhættu sem snýr að rekstri váttryggingafélaga, í samræmi við *Almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis fjármálaeftirlitsins með váttryggingafélögum*.

Á árinu 2024 var lögð áhersla á eftirlit með þáttum í upplýsingatækni váttryggingafélaga hvað varðar skipulag og stjórnun upplýsingatækni- og öryggisáhættu og fleiri þætti. VÍS tryggingar hf. hlaut starfsleyfi í árslok og var váttryggingastofn Váttryggingafélags Íslands hf. fluttur til VÍS trygginga hf. frá og með 1. janúar 2025. Þá var fjármálaeftirlitið í nokkrum samskiptum við Náttúruhamfaratryggingu Íslands og önnur váttryggingafélög vegna náttúruhamfara á Reykjanesskaga. Einnig var lagt mat á skilvirkni og starfsemi stjórnar og undirnefnda stjórnar váttryggingafélaga, auk þess sem á vettvangi ESB hefur verið unnið að tveimur stórum löggjafarverkefnum sem varða váttryggingamarkað sérstaklega. Þessar tilskipanir munu verða innleiddar á næstu tveimur árum í ESB og þarf að huga að innleiðingu þeirra hér á landi þegar þær verða teknar inn í EES-samninginn.

Samstarf við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina (EIOPA) er stór hluti af reglu-

bundnu eftirliti með váttryggingafélögum, en áherslur EIOPA endurspeglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins auk þess sem laga- og regluverk á váttryggingamarkaði er unnið hjá EIOPA og er fylgst grannt með þeirri vinnu.

Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðanna eru greindir. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greind og fylgst náið með því að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfs-
hættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat lífeyrissjóða tekið til skoðunar og viðtöl tekin við tiltekna stjórnendur og lykilstarfsmenn.

Á árinu 2024 var lögð áhersla á stjórnarhætti og rekstraráhættu. Mat var lagt á starfsemi og skilvirkni stjórnar og endurskoðunarnefndar, sjálfsmöt og árangursmöt voru rýnd ásamt umgjörð frávika. Einnig voru gerðar athuganir á verðlagningu, umgjörð og eftirliti með sjóðfélagalánum. Þá vann fjármálaeftirlitið að áhættumati lífeyrissjóða á sjálfbærniáhættu, nánar tiltekið loftslagsáhættu. Á árinu lauk máli er varðar kröfu fjármálaeftirlits um beint ráðningarsamband á milli framkvæmdastjóra og lífeyrissjóða sem útvista rekstri til þriðja aðila. Jafnframt var í október gefið út sérrit um umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði og æskilegar umbætur á löggjöf lífeyrissjóða sem kynnt var á umræðufundi í nóvember með hagaðilum á lífeyrismarkaði.

Eftirlit með verðbréfamarkaði

Markmið eftirlits með verðbréfamarkaði er meðal annars að stuðla að því að markaðurinn sé skilvirkari og öruggari en ella. Eftirlitið fer meðal annars fram með viðvarandi eftirliti með upplýsingagjöf útgefenda verðbréfa og eftirliti með viðskiptahegðun þátttakenda á markaði, s.s. mögulegum innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Gagnaskil eftirlitsskyldra aðila nýtast meðal annars við athuganir fjármálaeftirlitsins hvað fyrrnefnda viðskiptahegðun varðar. Þá hefur fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi skipulegra markaða, eða Kauphallar Íslands hf., og tveimur verðbréfamistöðvum.

Á árinu 2024 hóf fjármálaeftirlitið rannsókn á 30 málum sem komu upp á verðbréfamarkaði, þar af byggðust 14 á ábendingum frá Kauphöllinni. Flest málanna vörðuð möguleg markaðssvik. Af þeim málum sem voru til athugunar var 34 lokið á árinu og líkt og fyrri ár lauk flestum þeirra án niðurstöðu um brot, eða 31 máli. Þrjú mál voru sameinuð öðrum málum.

Sem fyrr var lögð áhersla á vettvangsathuganir í tengslum við tilkynningar fjármálafyrirtækja um viðskipti með fjármálagerninga (TRS II) þar sem gerðar voru úttektir á innra skipulagi sem ætlað er að tryggja gæði tilkynninganna. Premur slíkum vettvangsathugunum lauk á árinu 2024. Þá lagði Seðlabankinn fyrir tvö sjálfsmöt vegna tímastimpla í TRS II-tilkynningum á árinu, ásamt því að halda kynningarfund fyrir skilaðila.

Heildarvísitala aðalmarkaðar (OMXIP) hækkaði um 12,5% á árinu 2024. Þrátt fyrir hækkanir á aðalmarkaði Kauphallarinnar varð aukning í fjölda tilkynninga um skortstöður milli ára umtalsverð, eða úr 52 í 159. Aukninguna má einkum rekja til breytinga á tilkynningamörkum skortstaða úr 0,2% í 0,1% af útgefnu hlutafé viðkomandi félags. Fjöldi staðfesta lýsinga jókst um 13% frá fyrra ári. Fimm lýsingar voru vegna töku hlutabréfa til viðskipta í Kauphöllinni, þar af þrjár vegna nýrra félaga á aðalmarkaði, eða Oculus Holding AG, sameinaðs félags John Bean Technologies Corporation og Marel hf. og flutnings hlutabréfa Fly Play hf. af First North yfir á aðalmarkað. Þá voru hlutabréf í Kaldvík hf. tekin til viðskipta á First North á árinu.

Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda

Sterk vernd neytenda og fjárfesta stuðlar að trausti á fjármálamarkaði og eftirlitsskyldum aðilum. Rík áhersla er á eftirlit með viðskiptaháttum og fjárfesta- og neytendavernd hjá fjármálaeftirlitinu. Á síðustu misserum hefur það einkum beinst að upplýsingagjöf, ráðstöfunum vegna hagsmunaárekstra, flokkun viðskiptavina, skráningu og varðveislu á símtalsupptökum og raf-rænum samskiptum og afurðastýringarferlum.

Á árinu 2024 vann fjármálaeftirlitið að fjölbreyttum athugunum og gagnaöflunum sem tengdust viðskiptaháttum og málefnum neytenda og fjárfesta. Þrenns konar sjálfsmöt voru send út til eftirlitsskyldra aðila. Í fyrsta lagi um hlítni við ákvæði laga um greiðslureikninga, í öðru lagi um hlítni við ákvæði laga um afurðastýringu á váttryggingamarkaði og í þriðja lagi um hlítni við ákvæði reglna um meðhöndlun kvartana hjá váttryggingamiðlurum. Þá aflaði fjármálaeftirlitið

gagna og upplýsinga um kostnað og framsetningu upplýsinga um gjaldeyrisálag frá útgefendum greiðslukorta á Íslandi og hvernig upplýsingagjöf um slíkan kostnað væri háttað. Einnig aflaði fjármálaeftirlitið upplýsinga um hvort lífeyrissjóðir nýttu heimild í lögum til að bjóða upp á tilgreinda séreign.

Á árinu birti fjármálaeftirlitið frétt um stöðu mála vegna afturköllunar starfsleyfis NOVIS vegna þeirrar óvenjulegu stöðu sem málið var í sökum þess að slita-stjóri hafði enn ekki verið skipaður yfir félaginu, en starfsleyfi félagsins var afturkallað í júní 2023. Staða málsins er enn óbreytt. Fjármálaeftirlitið birti frétt í júní þar sem vakin var athygli á skýrslum EBA, EIOPA og ESMA um grænpvott á fjármálamarkaði. Tilgangur skýrslanna er að vernda fjárfesta og tryggja heiðarleika markaðarins með því að draga úr grænpvotti en í þeim er að finna eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu grænpvottur: „Starfshættir þar sem sjálfbærnitengdar fullyrðingar, yfirlýsingar, aðgerðir eða markaðssetning endurspeglar ekki með skýrum og sanngjörnum hætti sjálfbærni lögaðilans (e. entity), fjármálaafurðar eða fjármálaþjónustu. Slíkir starfshættir geta verið villandi fyrir neytendur, fjárfesta og aðra.“ Í desember birti fjármálaeftirlitið frétt þar sem athygli neytenda var vakin á viðvörun ESMA um áhættu tengda fjárfestingu í sýndareignum. Íslenska þýðingu viðvörunarinnar er að finna á vef Seðlabankans.

Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum. Lykilþáttur í slíku eftirliti snýr að því hvort umræddir sjóðir fjárfesti í samræmi við lagaheimildir og eigin reglur. Þá nær eftirlitið einnig til áhættustýringar, hagsmunaárekstra og lausafjárstýringar sjóða sem og skyldna vörsluaðila slíkra sjóða. Á árinu 2024 átti sér stað uppfærsla á öllum útboðslýsingum og reglum verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta, sbr. lög nr. 25/2023, um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Á árinu 2024 bárust allmargar umsóknir um markaðssetningarheimild fyrir erlenda rekstraraðila sérhæfðra sjóða til fagfjárfesta hér á landi, en um er að ræða svonefnda þriðja ríkis aðila sem eru staðsettir utan EES.

Eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið sinnir áhættumiðuðu eftirliti með tilkynningarskyldum aðilum í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti voru 107 í árslok 2024.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi fjölda athugana á árinu hjá tilkynningarskyldum aðilum. Þar á meðal var lokið við vettvangsathuganir hjá þremur tilkynningarskyldum aðilum, sem og athuganir hjá ýmsum tilkynningarskyldum aðilum, er vörðuðu meðal annars eftirfylgni vegna fyrri athugana á áhættumati og áhættumiðuðum aðgerðum.

Á árinu var haldin kynning fyrir tilkynningarskylda aðila á viðmiðunarreglum EBA um áhættustýringu vegna hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka þegar veittur er aðgangur að fjármálaþjónustu. Þá var svonefnt *Spurt og svarað* í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka birt á vef Seðlabankans. Auk þess var fræðslufni um skyldur tilkynningarskyldra aðila í tengslum við alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og eftirlit með aðilum á þvingunarlistum uppfært. Jafnframt var listi yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa í tengslum við mat á einstaklingum sem teljast í áhættuhópi vegna stjórnmálaalegra tengsla uppfærður á árinu, auk þess sem listi yfir áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki var uppfærður í þriggja í samræmi við breytingar á listum Financial Action Task Force (FATF) og ESB.

Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir styðja við reglubundið eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og eru ein þeirra aðferða sem fjármálaeftirlitið beitir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Markmið vettvangsathugana er meðal annars að kanna og meta undirliggjandi áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila ásamt því að leggja mat á stjórnarhætti og umgjörð innra eftirlitskerfis þeirra. Ákvarðanir um vettvangsathuganir eru byggðar á áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila ásamt niðurstöðu áhættumats. Jafnframt er tekið mið af stærð, kerfislegu mikilvægi, eðli, umfangi og því hversu margþætt starfsemin er.

Lokið var við 20 vettvangsathuganir á árinu 2024. Áherslur voru einkum lagðar á vettvangsathuganir er tengdust útlánaáhættu ásamt athugunum er tengdust aðgerðum tilkynningarskyldra aðila gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, rekstraráhættu og

stjórnarháttum og innra eftirliti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

Mat á hæfi, virkir eignarhlutir og starfsleyfi

Hæfismót stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Hæfismatið er framkvæmt þegar stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hefja störf hjá eftirlitsskyldum aðilum. Auk þess getur fjármálaeftirlitið tekið hæfi þeirra til endurskoðunar ef tilefni er til. Ávallt er það þó á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þeirra fullnægi gildandi hæfisskilyrðum laga og reglna á hverjum tíma.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 122 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2024. Eins og fyrri ár, sneri meginhluti hæfismatanna að stjórnarmönnum. Alls stóðust 116 einstaklingar hæfismatið, en 6 stóðust það ekki vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í viðtal.

Virkir eignarhlutir

Á árinu 2024 voru afgreiddar tilkynningar um virkan eignarhlut í 15 eftirlitsskyldum aðilum, þar af í tvígang hjá fimm aðilum.

Nánar tiltekið voru afgreiddar tilkynningar um virkan eignarhlut í váttryggingafélaginu TM tryggingum hf. og dótturfélögum þess Íslenskri endurtryggingu hf. og TM líftryggingum hf. Þá voru afgreiddar tilkynningar um virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtækjunum ACRO verðbréfum hf., ALM Verðbréfum hf. og Jöklum-Verðbréfum hf., rekstraraðilanum A/F Rekstrarfélagi hf. (nú Arctica sjóðir hf.) og rafeyrisfyrirtækinu Rapyd Europe hf. Jafnframt voru í tengslum við breytingar á samstæðu Váttryggingafélags Íslands hf. (nú Skagi hf.) og veitingu nýs starfsleyfis afgreiddar tilkynningar um virkan eignarhlut í VÍS tryggingum hf. og dótturfélagi þess Líftryggingafélagi Íslands hf. og Fossum fjárfestingarbanka hf., Glym hf. (nú AXUM Verðbréf hf.), Íslenskum verðbréfum hf., ÍV sjóðum hf. og SIV eignastýringu hf.

Starfsleyfi og önnur leyfismál

Nokkuð var um breytingar tengdar starfsleyfum og öðrum leyfismálum eftirlitsskyldra aðila á árinu 2024.

Í tengslum við breytingar á samstæðu Váttryggingafélags Íslands hf. (nú Skagi hf.) fékk dótturfélag þess VÍS tryggingar hf. starfsleyfi sem váttryggingafélag. Í tengslum við starfsleyfisveitinguna var váttrygginga-

stofn Vátryggingafélags Íslands hf. færður yfir til VÍS trygginga hf. að undangengnu lögboðnu ferli. Þá voru samrunar Sparisjóðs Höfðhverfinga ses. við Sparisjóð Höfðhverfinga hf. og Sparisjóðs Strandamanna ses. við Sparisjóð Strandamanna hf. samþykktir, rekstrarformi sparisjóðanna var breytt úr sjálfseignarstofnun í hlutafélag og héldu sparisjóðirnir starfsleyfi sínu. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar sameinaðist Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga og var sérstök deild stofnuð innan sjóðsins þar sem haldið verður utan um rekstur, eignir, skuldir og skuldbindingar hins yfirtekna lífeyrissjóðs. Þá sameinaðist Monerium EMI ehf. móðurfélagi sínu Monerium ehf. sem tók yfir allar eignir þess og skuldir, réttindi og skyldur, þ.m.t. starfsleyfi þess sem rafeyrisfyrirtækis. Þá var Stakkur Rekstrarfélag ehf. skráð sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða og starfsleyfi Gamma Capital Management hf. sem rekstraraðila sérhæfðra sjóða var afturkallað að beiðni félagsins. Félagið PROSEGUR CHANGE ICELAND ehf. var skráð sem veitandi gjaldeyrisskiptajónustu. Jafnframt voru innheimtuleyfi Orkuveitu Reykjavíkur og Símans hf. felld niður eftir að félögin höfðu afsalað sér leyfunum.

Viðurlagamál á árinu 2024

Á árinu 2024 lauk fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands tveimur málum með samkomulagi um sátt við annars vegar Íslandsbanka hf. og hins vegar Arion banka hf. Í sátt felst að málsaðili gengst við því að hafa brotið gegn ákvæðum laga eða ákvörðunum fjármálaeftirlitsins, upplýsir að fullu um brotið og gerir samkomulag við fjármálaeftirlitið um tiltekna sektargreiðslu sem rennur í ríkissjóð. Í þessum tveimur málum námu fjárhæðir sekta 570 m.kr. í máli Íslandsbanka hf. og 585 m.kr. í máli Arion banka hf.



Fjármálaeftirlitsnefnd eins og hún var skipuð í árslok 2024. Sitjandi frá vinstri eru Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður og Tómas Brynjólfsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika. Standandi frá vinstri eru Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur, Gunnar Þór Pétursson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og Erna Hjaltested lögmaður.

Önnur viðfangsefni



Gjaldeyrisforði

Hlutverk gjaldeyrisforða

Seðlabanki Íslands varðveitir gjaldeyrisforða og stýrir honum í samræmi við markmið og hlutverk bankans, samanber lög nr. 92/2019. Í gjaldeyrisforða eru erlendar eignir Seðlabankans í erlendum gjaldmiðlum, þ.e. innstæður í erlendum bönkum, skuldabréf, sérstök dráttarréttindi og inneign hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, gull og aðrar erlendar eignir.


Hlutverk gjaldeyrisforða er fjórþætt: Í fyrsta lagi að draga úr áhrifum sveiflna í greiðsluöfnum landsins með hliðsjón af stefnu bankans í peninga- og gengismálum. Í öðru lagi að minnka líkur á að fjármagnshreyfingar til og frá landinu raski fjármálastöðugleika. Í þriðja lagi er forðinn þáttur í eigna- og skuldastýringu ríkissjóðs og Seðlabankans með það að markmiði að íslenska ríkið geti staðið skil á erlendum skuldum sínum, gert upp erlend útgjöld og staðið við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar. Í fjórða lagi er gjaldeyrisforði öryggissjóður sem hægt er að grípa til vegna áfalla.


Æskileg stærð gjaldeyrisforða ræðst hverju sinni meðal annars af erlendri skuldastöðu þjóðarbúsins, stefnu í peningamálum, uppbyggingu og stöðu fjármálakerfisins, umfangi utanríkisviðskipta og fjármagnsflæði til og frá landinu.

Þróun gjaldeyrisforða 2024

Í árslok 2024 nam gjaldeyrisforðinn um 886 ma.kr., jafnvirði 6,4 ma. bandaríkjadala, og stækkaði um 96 ma.kr. á árinu. Í mars og júní gaf Ríkissjóður Íslands út tvö erlend skuldabréf í evrum, samtals að fjárhæð 119 ma.kr. Þá var gjalddagi á eldri erlendri útgáfu ríkissjóðs í júní, samtals um 36 ma.kr. Nýjar útgáfur ríkissjóðs

skýra að mestu leyti stækkun forðans á árinu. Inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði juku við gjaldeyrisforðann um 9,2 ma.kr.





Í árslok nam gjaldeyrisforði um 20% af vergri landsframleiðslu ársins 2024, 29% af peningamagni og sparifé (M3) og samsvaraði verðmæti innflutnings vöru og þjónustu í 6 mánuði.

Afkoma og ávöxtun

Afkoma bankans af rekstri gjaldeyrisforða var jákvæð um 15 ma.kr. á árinu 2024. Verðbreytingar á mörkuðum leiddu til 1 ma.kr. aukins gjaldeyrisforða en á móti vógu gengisbreytingar sem minnkuðu forðann um 15 ma.kr. Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld af erlendum eignum og skuldum Seðlabankans námu 29 ma.kr. á árinu. Ávöxtun af skuldabréfum og innstæðum var jákvæð á árinu um 3,4% án áhrifa gengismunar.


Varðveisla

Starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforða eru settar með vísan til 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 30. gr. laga nr. 92/2019. Reglurnar eru settar af seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórnum. Í starfsreglunum er fjallað um helstu atriði í varðveislu gjaldeyrisforða, m.a. um tilgang, skipulag, heimila fjárfestingu og ytri mörk ásættanlegrar áhættu.

Varðveislu gjaldeyrisforðans fylgir áhætta sem Seðlabankinn þarf að stýra. Megináhættan felst í því að bankinn verði ófær um að beita forðanum til að ná markmiðum sínum eða sinna hlutverki sínu sem seðlabanki. Gjaldveisla áhætta er sú áhætta sem hefur mest áhrif á efnahag bankans. Forðinn er í erlendum gjaldmiðlum en skuldir bankans að stórum hluta í íslenskum krónum. Því hafa gengisbreytingar mikil áhrif á tekjur og gjöld bankans og virði eigna og skulda reiknað í krónum. Krónuvirðið er hins vegar aukaatriði í samburði við ofangreinda megináhættu og með hliðsjón af hlutverki forðans.

Erlend verðbréf námu um 80% af gjaldeyrisforðanum í árslok 2024. Innlán námu um 7% af forða en þau voru að mestu leyti í seðlabönkum. Gulleign bankans var óbreytt að magni til á milli ára og var

virði hennar 23 ma.kr. eða um 2,6% af forða í árslok. Gjaldveisla Seðlabankans, þ.e. eignir bankans í erlendum gjaldeyri að frádregnum skuldum í erlendum gjaldeyri, var jákvæð um 548 ma.kr. í lok árs 2024. Það samsvarar um 4 ma. bandaríkjadala.



Lánshæfiseinkunn útgefenda þarf að vera að lágmarki AA til að verðbréfaútgáfur geti fallið í flokk mjög seljanlegra eigna. Við stýringu gjaldeyrisforða teljast mjög seljanlegar eignir vera ríkisskuldabréf í bandaríkjadöllum eða evrum sem gefin eru út í eigin gjaldmiðli viðkomandi ríkis, innstæður hjá seðlabönkum þessara landa eða Alþjóðagreiðslubankanum. Slíkar eignir voru 38% af gjaldeyrisforðanum í lok árs 2024. Á mynd V-2 má sjá skiptingu gjaldeyrisforðans í lok árs 2024 eftir löndum og gjaldmiðlum. Nánar er fjallað um stýringu fjárhagslegrar áhættu bankans í skýringum með ársreikningi.


Lánamál ríkissjóðs

Samningur um lánamál ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands sér samkvæmt samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaupta og innlausn ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlara-samninga og hefur umsjón með endurhverfum viðskiptum til aðalmiðlara. Bankinn annast áhættu- og lánsfjárstýringu og sinnir upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs. Í samningnum er kveðið á um að bankinn annist útgáfu markaðsverðbréfa ríkissjóðs og verkefni tengd ríkisábyrgðum og endurlánum. Þá sér bankinn um útgáfu skuldabréfa vegna endurlána ríkissjóðs.

Mynd V-5

Skipting lánasafns ríkissjóðs
Í lok árs 2024



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Innlend lánamál

Í lok desember 2023 birti Seðlabankinn fyrir hönd ríkissjóðs ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs fyrir árið 2024. Samkvæmt áætluninni var stefnt að því að útgáfa ríkisbréfa myndi nema 120 ma.kr. á árinu. Í lok júní var útgáfuáætlun fyrir árið síðan hækkuð í 150 ma.kr. vegna útgjalda í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesskaga. Það markmið náðist og fór öll salan fram í gegnum almenn útboð.


Í ársáætluninni kom jafnframt fram að fyrirhugað væri að gefa út einn nýjan óverðtryggðan ríkisbréfaflokk með gjalddaga 2027. Óverðtryggða flokknum RIKB 27 0415 var hleypt af stokkunum í apríl og voru viðtökur góðar. Flokkurinn stóð í rúmum 71 ma.kr. í lok árs. Á árinu var ríkisbréfaflokkurinn RIKB 24 0415 á gjalddaga og nam útistandandi fjárhæð hans rúmum 77 ma.kr.

Til að jafna að einhverju leyti endurgreiðsluferil ríkissjóðs voru haldin skiptiútboð á árinu þar sem ríkissjóður keypti til baka tæpa 33 ma.kr. að nafnvirði í ríkisbréfaflokkunum RIKB 24 0415 og RIKB 25 0612 gegn sölu á RIKB 26 1015, RIKB 27 0415, RIKB 35 0917 og RIKS 37 0115.

Verðbólga minnkaði í hægunum skrefum á árinu og fór tólf mánaða verðbólga úr 7,7% í upphafi árs í 4,8% í lok þess og hafði þá ekki mælst minni í þrjú ár. Seðlabankinn brást við minnkandi verðbólguþrýstingi með því að lækka stýrivexti sína úr 9,25% í 8,50% á haustmánuðum. Samhliða minnkandi verðbólgu lækkuðu verðbólguvæntingar og verðbólguálag einnig til skamms tíma á markaði en verðbólguálag til lengri tíma stóð nokkurn veginn í stað. Þótt óverðtryggðir vextir hafi lækkað nokkuð á árinu lækkaði verðbólguálagið þó einna helst í gegnum hækkandi kröfu á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs. Þannig hækkaði krafan á RIKS 26 0216 um rúmlega 1% á meðan krafan á RIKS 30 0701 var nokkurn veginn óbreytt. Töluvert flókt var á verðtryggðu kröfunni á árinu sem stafaði af óvissu um meðferð Hagstofunnar á fyrirhuguðu kílómetragjaldi á

Mynd V-6

Óverðtryggð ríkisbréf
Styttri en 5 ár



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-7


Óverðtryggð ríkisbréf
Lengri en 5 ár



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-8

Verðtryggð ríkisbréf



Heimild: Seðlabanki Íslands.

bensín- og dísilbifreiðar um áramótin. Um tíma stóðu væntingar til þess að kílómetragjaldið færi ekki inn í vísitölu neysluverðs sem leiddi til lækkunar verðbólguálagsins en í lok október tók Hagstofan af öll tvímæli

um að kílómetragjaldið yrði tekið inn í vísitöluna og hækkaði verðbólguálagið þá í kjölfarið.

Erlend lánamál

Skuldir ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli námu rúmum 329 ma.kr. í árslok 2024 og höfðu aukist um tæpa 64 ma.kr. á árinu. Aukningin varð vegna útgáfu á grænu 750 milljón evra skuldabréfi í mars með gjalddaga árið 2034 sem gefið var út samhliða uppkaupum á markaðs-skuldabréfi sem gefið hafði verið út árið 2019 og var með gjalddaga í júní 2024. Upphafleg fjárhæð bréfsins nam 500 milljónum evra en eftir uppkaup árið 2023 var útistandandi fjárhæð rúm 241 milljón. Þar að auki var gefið út kynjað skuldabréf að fjárhæð 50 milljónir evra í júní. Samkvæmt „Stefnu í lánamálum ríkisins 2024-2028“ eru lán ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum fyrst og fremst tekin til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans, til að endurfjármagna útistandandi markaðsútgáfur og til að viðhalda aðgengi að erlendum mörkuðum.

Ríkisábyrgðir

Seðlabanki Íslands sinnir verkefnum í tengslum við ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð. Ríkisábyrgðasjóður hefur umsjón með veittum ríkisábyrgðum og skal einnig fylgjast með rekstri þeirra sem fengið hafa ríkisábyrgð og halda skrá yfir skuldbindingar með slíkri ábyrgð. Stærstur hluti ríkisábyrgða er til kominn vegna eignaraðildar ríkissjóðs að ÍL-sjóði. Aðilum sem njóta ríkisábyrgðar vegna eignaraðildar ríkissjóðs er skylt að fá samþykki Seðlabanka Íslands á lánskjörum og skilmálum lána sem þeir hyggjast taka erlendis. Ríkisábyrgðir í árslok 2024, að teknu tilliti til endurkaupa ÍL-sjóðs á hluta skulda sjóðsins, námu rúmum 736 ma.kr. en voru 810 ma.kr. í árslok 2023.


Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands hefur fagleg og fjárhagsleg samskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu auk þess að eiga í virku samstarfi við fjölmarga seðlabanka, einkum í Evrópu.


Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands annast samskipti við og er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd íslenska ríkisins. Sendinefnd frá sjóðnum átti í maí árlegar viðræður við íslensk stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila um stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum. Árleg skýrsla sjóðsins um Ísland var gefin út í júní en allar skýrslur sjóðsins um Ísland eru birtar á heimasíðum hans og Seðlabankans.


Mynd V-9
Endurgreiðsluferill lána ríkissjóðs



Mynd V-10
Þróun skulda ríkissjóðs



Mynd V-11
Skuldir ríkissjóðs og ríkisábyrgðir 2009-2024



Ísland starfar með Norður- og Eystrasaltslöndunum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar svo nefnt kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi

lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 25 fastafulltrúar. Í júlí samþykkti sjóðráð að fjölga fastafulltrúum um einn, úr 24 í 25, og er hinn nýi fulltrúi í forsvari fyrir lönd sunnan Sahara í Afríku. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórninni árið 2024 var Vítas Vasiliauskas frá Litháen. Skrifstofa kjördæmisins í sjóðnum tekur árlega saman greinargerð um þau mál sem hæst ber í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar á árinu og afstöðu kjördæmisins til þeirra. Greinargerðirnar eru birtar m.a. á heimasíðu Seðlabankans.

Fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary and Financial Committee) hélt að venju tvo fundi á árinu. Seðlabankastjóri er fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Board of Governors) sem kemur saman á ársfundi sjóðsins.

Alþjóðagreiðslubankinn

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (Bank for International Settlements, BIS) og tekur þátt í ýmsu samstarfi á vettvangi hans. Alþjóðagreiðslubankinn er vettvangur alþjóðlegs samstarfs seðlabanka og fjármálaeftirlita auk þess að vera rannsóknarsetur og banki fyrir seðlabanka heimsins. Seðlabankastjóri tók á árinu þátt í reglulegum fundum seðlabankastjóra sem haldnir eru annan hvern mánuð á vegum BIS, auk ársfundar bankans.

Seðlabanki Íslands tekur þátt í starfi Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar sem Alþjóðagreiðslubankinn stofnaði árið 2021 í samstarfi við seðlabanka á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku (BIS Innovation Hub Nordic Centre). Miðstöðin er staðsett í Stokkhólmi og leggur Seðlabanki Íslands henni til starfsmann. Norræna miðstöðin hefur það hlutverk að vera vettvangur fyrir nýsköpun í fjártækni, rannsóknir á straumum og stefnum í fjártækni sem hafa þýðingu fyrir starfsemi seðlabanka, auk þess að efla alþjóðlegt samstarf sem miðar að því að bæta virkni alþjóðlega fjármálakerfisins.

Efnahags- og framfarastofnunin

Seðlabanki Íslands tekur þátt í starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Sérfræðingar OECD koma auk þess á um það bil tveggja ára fresti til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa út skýrslu um mat stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum og horfum á Íslandi, en sú síðasta kom út í júní 2023.

Network for Greening the Financial System

Seðlabanki Íslands er aðili að samtökunum Network for Greening the Financial System (NGFS) og tekur virkan þátt í starfi þeirra. Þetta eru samtök seðlabanka og fjár-

málaeftirlita víðs vegar um heim sem hafa lýst vilja sínum til og ásetningi um að starfa saman að því að stuðla að og þróa bestu framkvæmd áhættustýringar í fjármála-geiranum í tengslum við loftslags- og umhverfismál og stuðla að sjálfbærri og umhverfisvænni fjárfestingu.

Samstarf í tengslum við fjármálaeftirlit

Seðlabanki Íslands er þátttakandi í starfi Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar (EBA), Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA). Seðlabankinn hefur þar sömu réttindi og skyldur og eftirlitsstjórnvöld ríkja Evrópusambandsins að undanskildum atkvæðisrétti. Þátttaka í eftirlitsstjórn (e. Board of Supervisors), fastanefndum og vinnuhópum evrópsku eftirlitsstofnananna gerir bankanum kleift að fylgjast vel með breytingum á Evrópulöggjöf á fjármálamarkaði og taka þátt í þróun hennar. Þá styrkir hún innleiðingu nýrrar Evrópulöggjafar hér á landi og tryggir samræmda framkvæmd Evrópulöggjafar á fjármálamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu.

Seðlabankinn tók á árinu virkan þátt í alþjóðasamstarfi í tengslum við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. í nefndum á vegum EBA og í vinnuhópi fjármálaeftirlita Norður- og Eystrasaltslanda.

Seðlabankinn tekur einnig þátt í starfi norræns samstarfshóps eftirlitsstjórnvalda sem starfræktur er til að samræma eftirlit með kauphöllum Nasdaq á Norðurlöndunum. Helsta hlutverk hópsins er að meta og hafa eftirlit með helstu áhættuþáttum í rekstri kauphallanna ásamt því að framkvæma sértækar athuganir.

Samstarf í tengslum við fjármálastöðugleika

Seðlabankinn tekur þátt í starfi Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) og undirhópa þess og hefur þannig aðgang að samevrópskum greiningum á kerfisáhættu. Seðlabankastjóri sækir fundi kerfisáhætturáðsins sem áheyrnarfulltrúi.

Seðlabankinn tekur enn fremur þátt í samstarfi um fjármálastöðugleika á vegum Alþjóðlega fjármálastöðugleikaráðsins (Financial Stability Board, FSB) sem er helsti samræmingarvettvangur á sviði fjármálastöðugleika í heiminum.

Seðlabankinn tekur jafnframt virkan þátt í samstarfi Norður- og Eystrasaltslanda, m.a. á sviði kerfisáhættu, þar sem skipst er á upplýsingum um þróun kerfisáhættu og beitingu þjóðhagsvarúðartækja (Nordic Baltic Macroprudential Forum). Þá tekur Seðlabankinn, í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið, þátt í starfi Nordic Baltic Stability Group sem hefur það

hlutverk að samhæfa viðbrögð við fjármálaáfalli sem snertir fleiri en eitt ríki og vinna að upplýsingagjöf milli stofnana ríkjanna á sviði fjármálastöðugleika.

Á árinu fór fram viðbragðsæfing með seðlabönkum og fjármálaeftirlitum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, samanber frásögn á síðu 19 í þessari skýrslu.

Reiðufé

Í árslok 2024 var útgefið reiðufé Seðlabanka Íslands 70,9 ma.kr. (75,7 ma.kr. 2023). Þar af voru útgefnið seðlar 66,2 ma.kr. (71,1 ma.kr. 2023) og útgefin mynt 4,7 ma.kr. (4,6 ma.kr. 2023). Útgefið reiðufé Seðlabankans er hluti af skuldahlið efnahagsreiknings bankans. Í töflu 3 í töfluviðauka má sjá hvernig þessi stærð skiptist eftir seðla- og myntstærðum.

Yfirleitt er átt við reiðufé utan Seðlabanka og innlánsstofnana þegar talað er um reiðufé í umferð. Munurinn á þeirri tölu og samtölu töflu 3 í töfluviðauka er svokallaður nætursjóður innlánsstofnana, sem samanstendur af því reiðufé sem er á eignahlið efnahagsreiknings innlánsstofnana í lok viðskiptadags. Í lok árs 2024 var nætursjóður innlánsstofnana 7,5 ma.kr. (8,2 ma.kr. 2023). Því var reiðufé í umferð utan Seðlabanka og innlánsstofnana (hjá almenningi, fyrirtækjum o.s.frv.) 63,4 (67,5 ma.kr. 2023) og hafði minnkað á árinu um 4,1 ma.kr. eða um 6,1%.

Á árinu 2024 eyddi Seðlabankinn 1,9 milljónum seðla sem töldust ónothæfir, en á árinu 2023 var 1,4 milljónum seðla eytt og 1,6 milljónum seðla árið 2022.

Í lok ársins 2024 voru 18,4 milljónir seðla útgefnar af bankanum (18,7 milljón seðla 2023).

Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals

Prettánda úthlutun úr menningarsjóði sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals, fyrrverandi seðlabankastjóra, fór fram 29. maí 2024. Alls bárust 30 umsóknir og hlutu fimm verkefni styrk sem nam samtals fimm milljónum króna.

Guðmundur Jónsson hlaut 1,5 milljónir króna í styrk til verkefnisins *Bændasamfélagið á Íslandi - Félagsgerð og lífnaðarhættir í upphafi 18. aldar*. Markmið verkefnisins er að gefa út bók um bændasamfélagið á Íslandi þar sem lýst er lífnaðarháttum landsmanna og nokkrum megineinkennum samfélagsgerðarinnar á fyrri hluta 18. aldar.

Þórbergssetur á Hala hlaut eina milljón króna í styrk til verkefnisins *Fátækt fólk í frelsisleit*. Þórbergssetur á

Hala - minningarsetur um Þórberg Þórðarson rithöfund, er menningar- og rannsóknarstofnun á Höfn í Hornafirði. Setrið beitir sér fyrir margháttaðu menningar- og listastarfi. Gísli Sverrir Árnason er höfundur verksins sem hlýtur styrk en um er að ræða rannsókn á ævi og sögu Eymundar Jónssonar og Halldóru Stefánsdóttur í Dilksnesi í Nesjum í Hornafirði.

Geirprúður Anna Guðmundsdóttir sellóleikari hlaut eina milljón króna í styrk til verkefnisins *Geisladiskur - norræn verk fyrir selló og píanó*. Styrkinn hlýtur Geirprúður til að sinna upptöku og útgáfu á plötu með norrænum tónverkum fyrir selló og píanó.

Katrín og Lovísa Fjeldsted hlutu eina milljón króna í styrk til verkefnisins *Arfleifð Jórunnar Viðar: Tölvusetning nótna*. Katrín og Lovísa eru dætur Jórunnar Viðar sem var frumkvöðull og brautryðjandi í íslenskri tónlist á 20. öld. Hún var fyrsta íslenska konan sem sinnti klassískum tónsmíðum og var einnig afburða píanóleikari.

Þorsteinn Dagur Rafnsson hlaut hálfa milljón króna í styrk til verkefnisins *Pústlar*. Pústlar er heiti á samfélagsmiðlarás sem tekur fyrir þætti úr íslenskri sögu og menningu. Markmið rásarinnar er meðal annars að vekja athygli á íslenskri sögu og menningu hjá íslenskum áhorfendahópi og hjálpa fólki að tengjast söguarfinum á íslensku.

Stjórn, skipulag og mannauður



Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar

Ásgeir Jónsson gegndi embætti seðlabankastjóra á árinu. Hann var skipaður til fimm ára frá ágúst 2019 og var endurskipaður til fimm ára frá ágúst 2024. Seðlabankastjóri stýrir og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum.

Rannveig Sigurðardóttir var varaseðlabankastjóri peningastefnu á árinu, Björk Sigurgísladóttir var varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits og Gunnar Jakobsson var varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika til aprílloka. Arnór Sighvatsson, fyrrverandi aðstoðarseðlabankastjóri, var settur varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika frá 1. maí þar til Tómas Brynjólfsson var skipaður varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika frá 1. ágúst. Varaseðlabankastjórar leiða málefni bankans hver á sínu sviði undir yfirstjórn seðlabankastjóra.

Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar taka sameiginlega ákvarðanir um varðveislu gjaldeyrisforða og veitingu ábyrgða eða lána til lánastofnana í lausafjávanda á fundi sem seðlabankastjóri boðar til, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019. Á sama hátt eru teknar ákvarðanir um setningu reglna um verndunarráðstafanir við sérstakar aðstæður og bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris á grundvelli laga um gjaldeyrismál, ákvarðanir um setningu reglna um starfsemi skipulegra gjaldeyrismarkaða og um skipulag og setningu reglna um starfsemi bankans.

Bankaráð

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Að öðru leyti sinnir bankaráð sérstaklega verkefnum sem nánar eru tilgreind í 8. gr. laga um bankann. Kjósa skal í ráðið eftir kosningar til Alþingis.

Í árslok 2024 var bankaráð þannig skipað að formaður var Gylfi Magnússon. Aðrir aðalfulltrúar voru Þórunn Guðmundsdóttir varaformaður, Arnar Bjarnason, Kirstín Þ. Flygenring, Sigurjón Arnórsson og Þorsteinn Víglundsson. Sigríður Andersen sat í bankaráði á árinu. Hún hlaut kosningu til Alþingis í kosningunum sem fram fóru í lok nóvember og hvarf þar með úr ráðinu því samkvæmt lögum um Seðlabankann má ekki kjósa þingmann til setu í ráðinu. Varafulltrúar voru Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Þórlundur Kjartansson, Kristín Thoroddsen, Hildur Traustadóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Oddný Árnadóttir og Jarþrúður Ásmundsdóttir. Bankaráð hélt 12 fundi á árinu.

Nefndir bankans

Peningastefnunefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum og skulu þær grundvallast á markmiði um stöðugt verðlag og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahagsmálum. Nefndin tekur ákvarðanir um vexti til að framfylgja peningastefnu bankans. Einnig tekur nefndin ákvarðanir um viðskipti við lánastofnanir önnur en lán til þrautavara. Þá tekur nefndin ákvarðanir um bindiskyldu, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð.

Peningastefnunefnd var í ársbyrjun skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu og staðgengli formanns, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Herdísi Steingrímisdóttur, dósent við Copenhagen Business School og Ásgerði Ósk Pétursdóttur, lektor við Háskólann í Bath á Englandi. Í maí tók Arnór Sighvatsson sæti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika í nefndinni þar til Tómas Brynjólfsson var skipaður í stöðuna 1. ágúst.

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar skulu grundvallast á lögum og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í fjármálakerfinu. Verkefni nefndarinnar eru að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, fjalla um og skilgreina þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika og beina í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til, samþykkja stjórnvaldsfyrirmæli og taka þær ákvarðanir sem nefndinni er falið að taka með lögum og ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

Fjármálastöðugleikanefnd var í upphafi árs skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og staðgengli formanns, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu, Björk Sigurgísladóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Axel Hall, lektor við Háskólann í Reykjavík, Bryndísi Ásbjarnardóttur, forstöðumanni grunnnáms viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans í Reykjavík og Guðmundi Kristjáni Tómassyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálainnviða hjá Seðlabanka Íslands. Þá á ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, nú fjármála- og efnahagsráðuneyti, sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Í maí tók Arnór Sighvatsson sæti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika í nefndinni þar til Tómas Brynjólfsson var skipaður í stöðuna 1. ágúst.

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans tekur þær ákvarðanir sem taldar eru upp í 1. mgr. 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands, m.a. um álagningu stjórnvaldssekta, dagsekta, kæru til lögreglu vegna meintra brota, afturköllun starfsleyfis vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota

og frávikningu stjórnarmanns og framkvæmdastjóra vegna brotlegrar háttsemi. Þá setur nefndin stefnu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga og þvingunarúrræða og skal veita umsögn um stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti. Nefndin var í upphafi árs skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Björk Sigurgísladóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Gunnari Þór Péturssyni, prófessor við Háskólann í Reykjavík, Ástu Þórarinsdóttur hagfræðingi og Guðrúnu Þorleifsdóttur, skrifstofustjóra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Í febrúar var Erna Hjaltested lögmaður skipuð í nefndina í stað Guðrúnar Þorleifsdóttur. Í maí tók Arnór Sighvatsson sæti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika í nefndinni þar til Tómas Brynjólfsson var skipaður í stöðuna 1. ágúst.

Skipulag

Í lok árs 2024 voru starfsmenn Seðlabanka Íslands 307 í 305,2 stöðugildum. Framkvæmdastjórar bankans voru 11 og í hópi aðstoðarframkvæmdastjóra og forstöðumanna voru alls 27 starfsmenn (sjá nánar í kafla um sjálfbærni). Háskólamenntað starfsfólk var 91% af heildarfjölda starfsfólks í árslok. Á árinu voru 20 nýráðningar en 24 létu af störfum. Sumarstarfsmenn á árinu 2024 voru 14.

Hjá Greiðsluveitunni ehf., félagi í eigu Seðlabanka Íslands, voru þrír starfsmenn í lok árs.

Kjarnasvið bankans voru fimm á árinu, þ.e. hagfræði og peningastefna, markaðsviðskipti, fjármálastöðugleiki, háttsemiseftirlit og varúðareftirlit. Stoðsvið bankans voru þrjú, þ.e. fjármál og rekstur, gögn og umbætur og upplýsingatækni. Auk þessa voru miðlæg svið skrifstofu bankastjóra og mannauðs og menningar. Framkvæmdastjórar stýra hverju sviði fyrir sig. Hér á eftir verður nánar greint frá verkefnum sviða samkvæmt skipulagi bankans í árslok.

Bankaráð hefur umsjón með innri endurskoðun í bankanum og ræður innri endurskoðanda, sbr. d-lið 1. mgr. 8. gr. laganna um bankann.

Verkefni sviða

Skrifstofa bankastjóra hefur yfirsýn yfir verkefni Seðlabankans og hefur umsjón með og veitir aðstoð við stefnumótun og sameiginleg mál bankans. Skrifstofan ber ábyrgð á innleiðingu reglna, stefnu og stjórnkerfi bankans. Skrifstofan styður við starfsemi Seðlabankans í heild sinni með ráðgjöf, samhæfingu og þjónustu við bankastjóra, varaseðlabankastjóra, fastanefndir,

bankaráð og við einstök svið og deildir bankans, s.s. með lögfræðipjónustu, stefnumótun, verkefnastjórnun, skjalastjórnun, upplýsingamiðlun, vinnu að sjálfbærni, áhættustýringu og gæðastjórnun. Þá sinnir skrifstofan samskiptum við innlent stjórnkerfi, eftirfylgni og afgreiðslu erinda, umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, auk ritstjórnar ársskýrslu, ritsins *Fjármálaeftirlit*, sérrits um greiðslujöfnuð, *Economy of Iceland*, auk umsjónar með útgáfu *Kalkofnsins*, heimasíðu og samfélagsmiðlum bankans. Skrifstofan sinnir einnig alþjóðlegu samstarfi, svo sem samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Mannauður og menning ber ábyrgð á stefnumótun í mannauðsmálum og stuðningi við mannauðsstefnu bankans. Markmið mannauðs og menningar er að tryggja samræmda framkvæmd mannauðsmála og veita stjórnendum og starfsfólki faglegan stuðning til að byggja upp traust, fagmennsku, þekkingu og framsækni á vinnustaðnum. Helstu verkefni mannauðs og menningar eru að halda utan um nýráðningar, starfslok, fræðslumál, starfsþróun, vinnustaðagreiningar og aðrar greiningar, endurgjafarsamtöl, launaákvæðanir, velíðan starfsfólks og jafnréttismál.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun í efnahags- og peningamálum bæði innanlands og erlendis, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika og hefur umsjón með útgáfu *Peningamála* og *Working Papers*. Sviðið hefur einnig umsjón með ýmsum verkefnum í tengslum við störf peningastefnunefndar bankans.

Markaðsviðskipti hafa umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og annast viðskipti bankans við innlendar og erlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um stýringu á efnahagsreikningi bankans, vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs. Sviðið sinnir utanumhaldi verðbréfa og greiðslum vegna verðbréfaviðskipta og greiðslum tengdum lántökum og skiptasamningum. Þá annast sviðið erlenda greiðslumiðlun með SWIFT-kerfi bankans og hefur umsjón með innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki.

Fjármálastöðugleiki annast greiningu á áhættu í fjármálakerfinu, eftirlit með lausu fé og gjaldeyrisjöfnuði lánastofnana og tekur þátt í mótun þjóðhagsvarúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Þá annast sviðið eftirlit samkvæmt lögum um gjaldeyrismál. Sviðið

fylgist með stöðu lánastofnana, heimila og fyrirtækja, gjaldeyrisflæði til og frá landinu og ytri stöðu þjóðarbúsins. Þá vakir sviðið yfir kerfislega mikilvægum fjármálainniðum, auk þess sem skrifstofa skilavalds er staðsett á sviðinu. Sviðið hefur umsjón með útgáfu á ritinu *Fjármálastöðugleiki* og hefur umsjón með ýmsum verkefnum í tengslum við störf fjármálastöðugleikanefndar bankans.

Á sviði varúðareftirlits sameinast fjárhagslegt eftirlit og eftirlit með áhættuþáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Þar með er stuðlað að betri yfirsýn yfir starfsemi eftirlitsskyldra aðila og markvissu og skilvirku eftirliti með samstæðum á fjármálamarkaði. Hlutverk sviðsins er að hafa varúðareftirlit með starfsemi fyrirtækja á fjármála- og váttryggingamarkaði og starfsemi lífeyrissjóða. Meginverkefni sviðsins eru könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja, en í því felst m.a. mat á viðskiptalíkani, stjórnarháttum, eiginfjár- og lausafjárþörf, yfirferð á viðskiptaáætlunum og endurbótaáætlunum, greining og mat á fjölmörgum áhættuþáttum í rekstri eftirlitsskyldra aðila og samskipti við stjórnir og helstu stjórnendur og endurskoðendur. Þá hefur sviðið eftirlit með því að starfshættir séu í samræmi við þær réttarreglur sem í gildi eru og að starfsleyfisskilyrði séu jafnan uppfyllt. Sviðið tekur einnig þátt í mati á kerfisáhættu í samvinnu við fjármálastöðugleikasvið.

Háttsemiseftirlit samanstóð í lok árs 2024 af fjórum eftirlitseiningum. Lagalegt eftirlit veitir eftirlitsérfræðingum á sviði varúðareftirlits lögfræðiráðgjöf, annast mat á hæfi framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og virkra eigenda eftirlitsskyldra aðila, veitingu starfsleyfa og afturköllun þeirra, sinnir viðurlagabeitingu og viðhefur eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Verðbréfamarkaðseftirlit viðhefur eftirlit með kauphöllum og verðbréfamiðstöðvum, upplýsingagjöf útgefenda fjármálagerna, markaðssvikum, afleiðuviðskiptum, skortstöðum, fjárhagslegum viðmiðunum og viðskiptum á verðbréfamarkaði. Viðskiptaháttaeftirlit viðhefur eftirlit með fjárfesta- og neytendavernd, viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila þvert á markaði og sinnir upplýsinga- og leiðbeiningarþjónustu til neytenda og fjárfesta. Deild vettvangsathugana framkvæmir sértækar athuganir á starfstöðvum eftirlitsskyldra aðila en markmið þeirra er meðal annars að fylgja eftir niðurstöðum áhættumats og greina með ítarlegum hætti tiltekna áhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Sértækum athugunum er jafnframt ætlað að kanna hvort eftirlitsskyldir aðilar uppfylli lagaskyldur sem gilda um starfsemi þeirra, svo sem að meta fyrirkomulag stjórnarháttanna, innri eftirlitskerfi og almennar skipulagskröfur, svo fátt eitt sé nefnt.

Sviðið fjármál og rekstur sinnir verkefnum við innri rekstur og þjónustu Seðlabankans. Meðal þess er að annast rekstur og umsýslu eigna bankans, sjá um og bera ábyrgð á tilteknum öryggismálum bankans, annast innkaup fyrir bankann, fara með kostnaðar- og útgjaldaeftirlit, þ.m.t. gerð rekstraráætlana, og annast matar- og veitingaþjónustu. Jafnframt hefur sviðið umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og félags í eigu hans. Sviðið annast skráningu, úrvinnslu og miðlun upplýsinga í samræmi við settar reikningsskilareglur og launavinnslu fyrir bankann. Þá annast sviðið umsýslu seðla og myntar og rekstur fjárhirslna.

Upplýsingatækni hefur umsjón með og ber ábyrgð á framþróun, uppbyggingu og rekstri tölvu- og upplýsingatækni-kerfa Seðlabankans. Í því felst ábyrgð á högun, rekstri, skjölun og framþróun tæknilegra kjarnainnvíða bankans og öryggislausna ásamt endurheimtaráætlun sviðsins. Þá ber sviðið ábyrgð á rekstri og framþróun helstu viðskiptalausna bankans eins og millibankagreiðslukerfis og viðskiptakerfis bankans ásamt gagnainnvíðum eins og gagnaskilakerfi og vöruhúsi gagna, gagnaarkitektúr og öðrum eigin hugbúnaðarlausnum bankans. Ábyrgð á miðlægri aðgangsstjórnun liggur hjá upplýsingatækni sem sinnir líka tæknilegri þjónustu við endabúnað og notendur. Öryggisstjóri Seðlabankans er starfsmaður upplýsingatæknisviðs. Hann tekur þátt í að móta stefnu í raunlægu öryggi og upplýsingaöryggi bankans, styður við bestu framkvæmd og úrbótaverkefni í öryggismálum, heldur utan um umgjörð fyrir viðbragðsáætlanir til að tryggja rekstrarsamfellu og tekur þátt í viðbragðsstjórnun til að bregðast við stærri atvikum sem ógna rekstrarsamfellu bankans.


Sviðið gögn og umbætur annast öflun, skráningu og úrvinnslu ýmissa hag- og fjármálagagna sem Seðlabankinn safnar til að sinna verkefnum sínum. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og fjármálakerfis ásamt reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum og hagtölum bankans. Sviðið ber jafnframt ábyrgð á verkefnastýringu, eftirfylgni og framgangi umbótaverkefna með áherslu á gagnastefnu bankans og á rekstri og þróun á vef bankans. Á árinu var unnið að bættri nýtingu og aðgengi að gögnum með samþættingu gagnavinnslu og auðgun gagna, auk þróunar á nýjum vef bankans og nýrri ytri gagnabirtingu.

Innri endurskoðandi starfar undir umsjón bankaráðs og er ábyrgur gagnvart því. Tilgangur innri endurskoðunar er að styrkja getu Seðlabankans til að skapa, vernda og viðhalda virði með því að veita bankaráði, seðlabankastjóra og öðrum stjórnendum

bankans óháða, áhættumiðaða og hlutlæga staðfestingu, ráðgjöf, innsýn og stuðla að framsýni. Innri endurskoðun metur með kerfisbundnum, öguðum og áhættumiðuðum hætti árangur og skilvirkni stjórnarátta, áhættustýringar og innra eftirlits og stuðlar þannig að því að bankinn nái þeim markmiðum sem honum eru sett. Innri endurskoðun nær þessu fram með áhættumiðaðri endurskoðunaráætlun sem tekur mið af stefnu, markmiðum og áhættu Seðlabankans og forgangsraðar þannig verkefnum sviðsins til samræmis við meginmarkmið bankans.

Innra eftirlit og áhættustýring

Starfsemi Seðlabanka Íslands fylgir margvísleg fjárhagsleg áhætta og rekstraráhætta; annars vegar áhætta sem gæti gert bankanum erfitt um vik eða jafnvel hindrað hann í að sinna hlutverki sínu með fullnægjandi hætti og ná lögboðnum markmiðum sínum og hins vegar áhætta sem steðjar að bankanum vegna þess að markmiðin ganga fyrir fjárhagslegum hagsmunum bankans sjálfs. Áhættustefna Seðlabankans miðar að því að skilgreina betur áhættu sem bankinn glímir við, auka skilning á henni, öðlast yfirsýn yfir hana og stýra henni eða lágmarka án þess að það bitni á getu bankans til þess að ná lögboðnum markmiðum sínum. Framkvæmdaraðilar, áhættustýringardeild og innri endurskoðun mynda þrjár línur innra eftirlits eins og sýnt er á mynd VI-1.



Seðlabankastjóri skipar fjárhagsáhætturáð og rekstraráhætturáð sem bera ábyrgð á umgjörð áhættustýringar og eru ráðgefandi fyrir seðlabankastjóra og aðstoða hann við að uppfylla eftirlitshlutverk sitt með virkni áhættustýringar.

Áhættustjóri veitir sjálfstæðri áhættustýringareiningu á skrifstofu bankastjóra forstöðu og ber ábyrgð á eftirliti með að Seðlabankinn starfi í samræmi við umgjörð áhættustýringar sem fjárhagsáhætturáð og rekstraráhætturáð setja. Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á og stýra áhættu sem felst í starfsemi eigin sviða. Innri endurskoðun Seðlabankans, sem starfar í umboði bankaráðs, hefur með höndum kerfisbundið, óháð og hlutlægt mat á virkni áhættustýringar, eftirlitsaðgerða og stjórnarháttanna Seðlabankans. Innri endurskoðun starfar samkvæmt áhættumiðaðri endurskoðunaráætlun sem staðfest er af bankaráði. Áætlunin hefur að geyma þau verkefni sem innri endurskoðun telur mikilvægt að framkvæma á komandi ári á grundvelli skjalfests mats á stefnu, markmiðum og áhættu Seðlabankans. Áætlunin er reglubundið aðlöguð þeim breytingum er verða í umhverfi og á starfsemi bankans.

Fjárhagsáhætta samanstendur af markaðs-, lausafjár- og kröfuáhættu. Helsta markaðsáhætta stafar af gjaldeyris- og vaxtaáhættu vegna endurmats verðbréfa í eigu bankans ásamt vaxtamisvægi á milli eigna og skulda. Breytingar á gengi og ávöxtunarkröfu á markaði hafa bein áhrif á eigið fé, auk þess sem samsetning vaxtaberandi eigna og skulda ásamt þróun tilheyrandi vaxta hafa áhrif á framtíðartekjur. Til að skilgreina áhættuna framkvæmir bankinn m.a. sviðsmyndagreiningar og álagspróf til þess að meta næmi eigna og skulda vegna ýmissa markaðsatburða. Fjárhagsáhætturáð hefur eftirlit með að áhætta á efnahagsreikningi Seðlabankans samræmist áhættuvilja bankans og veitir ráðgjöf um aðgerðir til mildunar á áhættu og hvernig auka megir viðnámsþrótt efnahagsreikningsins gagnvart ákvörðunum sem tengjast lögbodnum markmiðum Seðlabankans. Fjárhagsáhætturáð ákveður mörk á heildaráhættu í gjaldeyrisforða bankans. Þá fer ráðið yfir áherslur bankans gagnvart umhverfis- og félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

Rekstraráhætta er hættan á fjárhagslegu eða ófjárhagslegu tjóni sem stafar af ófullkomnum innri ferlum og kerfum, aðgerðum starfsfólks eða af völdum utanaðkomandi atvika. Rekstraráhætta fylgir starfsemi Seðlabanka Íslands sem seðlabanka og rekstraraðila kerfislega mikilvægra fjármálainnviða, þ.e.a.s. millibankagreiðslukerfisins. Rekstraráhætturáð hefur umsjón með stjórnkerfi fyrir rekstraráhættu og fylgist með því að til staðar sé skjalfest verklag fyrir mikilvægustu verkefni bankans, að framkvæmt sé áhættumat á helstu verkferlum og tölvukerfum og að gripið sé til skjótra úrbóta þegar frávik verða frá viðurkenndu verklagi. Áhættustýringareiningin heldur utan um umgjörð fyrir viðbragðsáætlanir til að tryggja samfelldan rekstur og

tekur þátt í viðbragðsstjórnun til að bregðast við stærri atvikum sem ógna rekstrarsamfellu bankans.

Framkvæmdir og endurbætur

Framkvæmdum var haldið áfram á árinu við viðhald og endurnýjun húsnæðis bankans. Framkvæmdir voru að mestu leyti við endurbætur á viðbyggingu við húsnæði bankans en endurbótum á aðalbyggingu var að mestu lokið áður.

Á árinu var undirbúningsvinnu vegna nýs vefs haldið áfram og stefnt að opnun hans á fyrri hluta 2025.

Seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar, bankaráð og framkvæmdastjórar Seðlabanka Íslands 31. desember 2024

Seðlabankastjóri

Ásgeir Jónsson

Varaseðlabankastjórar

Björk Sigurgísladóttir

Rannveig Sigurðardóttir

Tómas Brynjólfsson

Bankaráð

Aðalmenn

Gylfi Magnússon formaður

Þórunn Guðmundsdóttir varaformaður

Arnar Bjarnason

Sigríður Andersen¹

Kirstín Þ. Flygenring

Sigurjón Arnórsson

Þorsteinn Víglundsson

Varamenn

Aðalheiður Sigursveinsdóttir

Þórlindur Kjartansson

Kristín Thoroddsen

Hildur Traustadóttir

Vilhjálmur Þorsteinsson

Oddný Árnadóttir

Jarprúður Ásmundsdóttir

1. Kjörin á Alþingi í kosningunum í lok nóvember 2024 og hvarf þar með úr bankaráði.

Framkvæmdastjórar

Fjármálastöðugleiki:

Haukur C. Benediktsson framkvæmdastjóri

Fjármál og rekstur:

Erla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri

Gögn og umbætur:

Gunnar Ormslev Ásgeirsson framkvæmdastjóri

Hagfræði og peningastefna:

Þórarinn G. Pétursson aðalhogfræðingur

Háttsemiseftirlit:

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir framkvæmdastjóri

Mannauður og menning:

Íris Guðrún Ragnarsdóttir mannauðsstjóri

Markaðsviðskipti:

Sturla Pálsson framkvæmdastjóri

Skrifstofa bankastjóra:

Rannveig Júníusdóttir framkvæmdastjóri

Upplýsingatækni:

Stefán G. Guðjohnsen framkvæmdastjóri

Varúðareftirlit:

Gísli Óttarsson framkvæmdastjóri

Innri endurskoðun:


Nanna Huld Aradóttir innri endurskoðandi

Félag í eigu Seðlabanka Íslands

Greiðsluveitan ehf.:

Sigríður Dís Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri

Skipurit Seðlabanka Íslands í árslok 2024



Sjálfbærni

VII

Seðlabanki Íslands stefnir að því að verða til fyrirmyndar á sviði sjálfbærni og loftslagsmála og voru mikilvæg skref stigin í þá átt á árinu 2024. Við mat á sjálfbærni fyrirtækja og stofnana er jafnan vísað til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) og er þá meðal annars átt við velferð, heilsu, félagslegt réttlæti og stjórnarhætti sem stuðla að sjálfbærni.

Umhverfismál

Markmið umhverfis- og loftslagsstefnu Seðlabanka Íslands er að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri bankans og að bankinn leggi þannig sitt af mörkum til þess að Ísland geti staðið við loftslagsskuldbindingar sínar. Seðlabankinn hefur einsett sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni um 40% frá árinu 2019 til ársins 2030. Vel hefur gengið að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í aðgerðaáætlun bankans og voru 65% þeirra komnar í framkvæmd í lok ársins 2024.

Seðlabankinn hefur m.a. lokið innleiðingu [grænna skrefa í ríkisrekstri](#) í starfsemi bankans en heldur áfram að viðhalda og þróa umhverfisstjórnunarkerfi bankans. Seðlabankinn hélt jafnframt áfram að stuðla að því að starfsfólk notist við vistvænar samgöngur til og frá vinnu með ýmsum hætti líkt og undanfarin ár í samræmi við markmið bankans um að a.m.k. 60% starfsfólks bankans ferðist með vistvænum hætti til og frá vinnu árið 2030. Hafist var handa við að Svansvotta mötuneyti bankans og á þeirri vinnu að ljúka árið 2025 ásamt vinnu við BREEAM-vottun á byggingarframkvæmdum bankans. Seðlabankinn styðst við viðmið Fjársýslu ríkisins varðandi sjálfbærni í opinberum innkaupum.

Seðlabanki Íslands færir grænt bókhald í samræmi við græn skref í ríkisrekstri og heldur utan um hluta af innkaupum sínum með tilliti til sjálfbærnimarkmiða. Seðlabankinn reiknar árlega losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu og viðskiptaferða. Jafnframt er fylgst með heildarmagni úrgangs Seðlabankans og flokkun hans frá ári til árs. Með sama hætti er fylgst með losun vegna aðkeyptrar vöru. Losun Seðlabankans árið 2024 nam 667,4 tonnum koltvísýringsígilda (tCO₂i). Reiknuð losun á hvert stöðugildi dróst saman um 11% frá fyrra ári og var 2.186,6 kgCO₂i. Samdráttinn má helst rekja til samdráttar í losun vegna aðkeyptrar vöru og þjónustu en einnig dróst losun saman vegna úrgangs. Sjá nánar í viðauka þar sem sýnt er sjálfbærniuppgjör bankans.

Seðlabankinn hélt áfram samstarfi við Land og skóg um landgræðslu en markmið samstarfsins er að stuðla að endurheimt votlendis, þurrlandisvistkerfa og birkivistkerfa. Endurheimtarverkefni eru byggð á alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði og vottunum og auka uppsöfnun kolefnis í gróðri og jarðvegi. Samstarfið stuðlar að því að kolefnisbinda á móti reiknaðri losun af starfsemi bankans sem átti sér stað á árinu 2024, alls 667,4 tonn koltvísýringsígilda.


Félagslegir þættir og stjórnarhættir

Mannauður er lykillinn að góðum og sjálfbærum rekstri Seðlabankans. Mannauðsstefna bankans miðar að því að byggja upp trausta liðsheild með áherslu á virðingu, andlega og líkamlega vellíðan, jafnrétti, þekkingu, fagmennsku og framsækni starfsfólks. Starfsumhverfi Seðlabankans byggist á sveigjanleika og trausti, starfsánægju, auknu jafnvægi milli vinnu og einkalífs og jafnrétti.

Á árinu var áfram unnið að því að styðja við helgun í starfi. Helguðu starfsfólki líður almennt betur og er ánægðara í starfi en hegðun þess og framganga hefur einnig margvísleg jákvæð áhrif á skilvirkni, árangur og sjálfbærni bankans. Lögð var sérstök áhersla á þjálfun öflugra leiðtoga, innleiðingu gilda bankans og skilgreiningu á því hvað einkennir framúrskarandi starfsfólk.

Tafla VII-1 Fjöldi starfsfólks eftir sviðum í árslok 2024

Svið	Fjöldi	Konur	Karlar
Bankastjórar	4	2	2
Fjármál og rekstur	31	21	10
Fjármálastöðugleiki	28	10	18
Gögn og umbætur	26	11	15
Hagfræði og peningastefna	24	9	15
Háttsemisefirlit	44	24	20
Innri endurskoðun	3	2	1
Mannauður og menning	6	5	1
Markaðsviðskipti	25	8	17
Skrifstofa bankastjóra	39	25	14
Upplýsingatækni	40	11	29
Varúðareftirlit	37	15	22
Samtals	307	143	164



Í lok árs 2024 voru starfsmenn Seðlabankans 307 talsins, konur 143 og karlar 164 (sjá töflu VII-1). Mannauðskerfi bankans býður upp á kynhlutlausu skráningu starfsfólks. Framkvæmdastjórar bankans voru 11, þar af 5 konur og 6 karlar. Í hópi aðstoðarframkvæmdastjóra og forstöðufólks voru alls 27 starfsmenn, þar af 15 konur og 12 karlar.

Seðlabankinn leitast við að stuðla að jafnrétti, jafnri meðferð og virðingu starfsfólks. Bankinn framfylgir jafnréttisstefnu í samræmi við ákvæði laga þar um. Í jafnréttisstefnu bankans kemur m.a. fram að bankinn skuli auðvelda starfsfólki að samræma starfsskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu, að kynjunum skuli ekki mis-

munað við framgang og ráðningu í störf og að hvers kyns áreitni og ofbeldi verði ekki liðin innan bankans.

Starfshópur um stöðu jafnréttismála er starfandi í bankanum og hefur hann yfirsýn yfir lög og reglur um jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks. Hópurinn vinnur að reglulegri endurnýjun jafnréttisáætlunar bankans, fylgist með framkvæmd hennar og kannar réttmæti ábendinga sem varða jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks. Árið 2024 var jafnréttisstefna bankans uppfærð ásamt aðgerðaráætlun.

Samkvæmt jafnlaunastefnu Seðlabankans skal starfsfólk njóta jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar í bankanum. Jafnlaunavottun bankans var endurnýjuð á haustmánuðum. Jafnlaunagreining leiddi í ljós að enginn óútskýrður launamunur var á milli kynja, fjórða árið í röð. Seðlabankinn hlaut einnig viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar á árinu en verkefnið miðar að því að jafna hlutföll kynjanna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja og stofnana.

Seðlabankinn leggur áherslu á ábyrga stjórnarhætti sem eru grundvöllur þess að markmiðum bankans verði náð. Stjórnskipulag bankans og ákvörðunartaka er skýr samkvæmt lögum um bankann samanber kafla 6 um stjórnskipulag og mannauð. Bankinn setur sér jafnframt innri stefnur og verklag þar sem verkefnum og ábyrgð á daglegum verkum er skipt milli sviða bankans. Þá skilgreina stjórnendur árlega stefnu-mótandi áherslumál og haga störfum sínum í samræmi við gildi bankans.

Markmið og samstarf bankans í loftslagsmálum

Seðlabankinn er aðili að alþjóðlegum samstarfsvettvangi seðlabanka og fjármálaeftirlita sem ber nafnið Network for Greening the Financial System (NGFS). Seðlabankinn á fulltrúa í fjórum vinnuhópum NGFS, þar sem viðfangsefnin eru fjármálaeftirlit, sviðsmynda-greining vegna loftslags- og náttúrutengdrar áhættu, peningastefna og kolefnishlutleysi. Vettvangurinn nýtist Seðlabankanum til að afla sér og miðla upplýsingum um verkefni seðlabanka og fjármálaeftirlita á sviði loftslags- og umhverfismála, t.a.m. um umbreytingaráætlanir, loftslags- og náttúrutengda áhættu og blandaða fjármögnun fyrir mótvægis- og aðlögunaraðgerðir. Þá tók bankinn þátt í ársfundi NGFS í Lundúnum í júní 2024. Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika situr í stjórnarráði NGFS fyrir hönd Seðlabankans.

Seðlabankinn gaf út [yfirlýsingu](#) í loftslagsmálum í tengslum við 26. aðildarríkjaþing Loftslagssamnings

Sameinuðu þjóðanna (COP26) árið 2021 í Glasgow sem hluti af NGFS-samstarfi bankans. Í yfirlýsingunni voru sett fram markmið bankans í loftslagsmálum sem eru þrípætt: að draga úr kolefnisspori bankans samanber umfjöllun hér að framan, kortleggja loftlagsáhættu efnahags- og fjármálakerfisins og styðja við skipulega umbreytingu vegna loftlagsbreytinga með þekkingaröflun og fræðslu.

Kortlagning loftslagsáhættu og innleiðing í kjarnastarfsemi bankans

Seðlabankinn hefur unnið að því að greina áhrif loftslagsáhættu á fjármálakerfið og fjármálastöðugleika. Með slíkum greiningum fást upplýsingar um það í hverju áhættan liggur helst fyrir innlent fjármálakerfi. Hluti þeirrar vinnu snýr að þróun sviðsmyndagreininga með tilliti til loftslagsáhættu. Seðlabankinn fylgist með alþjóðlegri þróun í sviðsmyndagreiningum og hefur skoðað Fær í 55 (Fit-For-55) álagspróf eftirlitsstofnana Evrópusambandsins (ESB), þar sem lagt er mat á áhrif loftslagsstefnu ESB á fjármálamarkaðinn. Álagsprófið er byggt á því að stefna ESB í loftslagsmálum nái fram að ganga. Í tengslum við þá vinnu hefur Seðlabankinn aflað gagna um kolefnislosun stærstu fyrirtækja landsins og lagt mat á áhrif hennar á eignir banka og lífeyrissjóða. Rammagrein þess efnis var birt í ritinu [Fjármálastöðugleiki 2025/1](#).

Í sviðsmyndagreiningu er notast við þjóðhagslíkön til að spá fyrir um þróun hagstærða í mismunandi loftslagssviðsmyndum. Bankinn hefur unnið að innleiðingu þjóðhagslíkansins NiGEM (National Institute Global Econometric Model). Líkanið er þróað af National Institute of Economic and Social Research (NIESR) í Bretlandi og er notað af fjölda seðlabanka og rannsóknarstofnana, m.a. í loftslagsáhættusviðsmyndum NGFS. Líkanið nær til 50 landa en Seðlabankinn, í samstarfi við NIESR, hefur unnið að því að bæta Íslandi við í gegnum meginspálíkan bankans, QMM.

Á árinu setti Seðlabanki Íslands reglur sem innleiddu framseldar reglugerðir framkvæmdastjórnar ESB um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og sendi eftirlitsskyldum aðilum [dreifibréf](#) um að taka mið af viðmiðunarreglum ESMA er varða sjálfbær fjármál og endurskoðun eldri viðmiðunarreglna sem voru endurskoðaðar með hliðsjón af kröfum um sjálfbærniregluverks. Fjármálaeftirliti Seðlabankans er falið eftirlit með framkvæmd reglugerðar Evrópusambandsins um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (jafnan nefnd [SFDR-reglugerðin](#)) og reglugerðar um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjár-

festingar ([Taxonomy-reglugerðin](#)). [Reglugerðirnar](#) setja m.a. samræmd viðmið um hvað telst umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi. Reglugerðirnar voru innleiddar 1. júní 2023 en innleiðing regluverks í tengslum við þær gerðir stendur enn yfir. Hinn 15. janúar 2024 birtist [grein](#) í Kalkofninum um reglugerðirnar.

Í könnunar- og matsferli (SREP) fyrir viðskiptabanka er sjálfbærniáhætta metin sem sérstakur áhættuþáttur og beitt er sambærilegri aðferðafræði og við aðra áhættuþætti. Matið takmarkast við loftslagsáhættu og var lagt mat á eðlislæga áhættu (e. inherent risk) og áhættustýringu. Í eftirlitsferli lífeyrissjóða og váttryggingafélaga (SRP/PSRP) er lagt mat á þá áhættuþætti sem felast í starfsemi lífeyrissjóða og váttryggingafélaga til lengri og skemmri tíma. Þar undir er m.a. mat á raunáhættu og umbreytingaráhættu.

Í ritum Seðlabankans *Fjármálastöðugleika* og *Fjármálaeftirliti* er nánar fjallað um hvernig bankinn sinnir viðfangsefnum sem varða loftslagsbreytingar og möguleg áhrif þeirra á fjármálastöðugleika og starfsemi eftirlitskyldra aðila.

Stuðningur við umbreytingar vegna loftslagsbreytinga

Seðlabanki Íslands leitast við að eiga samstarf við aðrar stofnanir og hagaðila um athugun á eðli og áhrifum loftslagsbreytinga og afleiðingum þeirra fyrir íslenskt samfélag. Á árinu hélt Seðlabankinn áfram samtali við innlenda hagaðila á sviði loftslagsmála og loftslagsáhættu, svo sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Umhverfisstofnun (nú Umhverfis- og orkustofnun), Hafrannsóknarstofnun og Veðurstofu Íslands, í því skyni að efla þekkingu starfsfólks bankans á loftslagsmálum og skapa vettvang fyrir samstarf á þessu sviði.

Á árinu 2024 sá svið markaðsviðskipta um fyrstu [grænu markaðskuldabréfaútgáfu](#) ríkissjóðs Íslands í erlendum gjaldeyri. Bankinn aðstoðaði einnig við einkaútgáfu [kynjaðs markaðskuldabréfs](#) fyrir hönd ríkissjóðs Íslands sem var jafnframt fyrsta útgáfa þjóðríkis á slíku bréfi. Skuldabréfin eru bæði gefin út með hliðsjón af sjálfbærum fjármögnunarramma fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem var fyrst birtur haustið 2021 og uppfærður vorið 2023. Markmið samkvæmt rammanum er að fjármagna skilgreind útgjöld ríkissjóðs sem skipt er í ákveðna verkefnaflokka og styðja við framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Á árinu fóru einnig fram umræður og vinna við að skoða hvernig horft er til loftslagsáhættu og umbreytingaráhættu við varðveislu gjaldeyrisforða. Sú vinna mun halda áfram á árinu 2025.

Eitt af verkefnum fjármálaeftirlits Seðlabankans er að meta hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra hjá eftirlitsskyldum aðilum. Mikilvægt er að tryggja að stjórnendur hafi viðeigandi þekkingu á loftslagsmálum og sjálfbærni þar sem aukin áhersla er á þessa þætti í rekstri fyrirtækja í ýmsu nýlega innleiddu, sem og væntanlegu regluverki í Evrópu. Í hæfismati er því m.a. komið inn á samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og sjálfbærni.

Árið 2021 átti Seðlabankinn frumkvæði að því að koma á reglubundnu samráði á milli seðlabanka á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndum um loftslagsmál og loftslagsáhættu á breiðum grunni. Fulltrúar seðlabanka Norðurlandanna funduðu einu sinni á árinu 2024 til að ræða áherslumál sín í tengslum við starf NGFS-samtakanna. Fulltrúar seðlabanka Norðurlandanna og Eystrasaltlandanna funduðu tvisvar á árinu, annars vegar til að ræða sviðsmyndagreiningu með tilliti til loftslagsáhættu og hins vegar til að bera almennt saman bækur sínar varðandi verkefni er tengjast loftslagsmálum og sjálfbærni.

Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands



Tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2024 nam 10.328 m.kr. en til samanburðar nam tap ársins 2023 13.620 m.kr. Tapið af rekstri bankans 2024 má að mestu leyti rekja til neikvæðs vaxtafajnaðar og hækkunar á gengi krónu gagnvart evru en evran veiktist um 4,51% á árinu. Hér til hliðar eru töflur sem sýna breytingu á milli ára á helstu liðum rekstrarreiknings og efnahagsreiknings bankans.

Hrein vaxtagjöld námu 3.779 m.kr. á árinu 2024 samanborið við 9.356 m.kr. á árinu 2023. Vaxtatekjur af erlendum eignum í heild hækkuðu um 4.477 m.kr. frá árinu 2023 sem er 18% hækkun milli ára. Vaxtatekjur af verðbréfum hækkuðu um 11.555 m.kr. Sú hækkun stafar af umtalsverðri aukningu í verðbréfaeign og þá aðallega vegna erlendrar skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs í mars 2024. Á móti lækkuðu bankainnstæður og vaxtatekjur af þeim í sama hlutfalli, eða um 7.124 m.kr. á árinu. Vaxtagjöld af innlendum eignum lækkuðu þrátt fyrir að meðal meginvextir bankans hafi verið hærri á árinu 2024 en 2023. Það skýrist af tvennu, annars vegar voru vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum færðir niður í 0% og hins vegar var vaxtalaus bindiskylda hækkuð úr 2% í 3% af bindigrunni. Hvort tveggja var gert á öðrum ársfjórðungi.

Gengistap á árinu 2024 nam alls 2.898 m.kr. vegna hækkunar á gengi krónunnar. Til samanburðar var gengistap á árinu 2023 11.153 m.kr. Virðisbreytingar eigna námu 1.420 m.kr. á árinu samanborið við 10.888 m.kr. árið á undan. Gengistap á skuldabréfum í evru var 17.041 m.kr. á árinu 2024 en skuldabréfaeign í árslok nam 709.991 m.kr. og af þeim nam eign í evrum 66,2% eða 470.281 m.kr. en afgangurinn var í bandaríkjadöllum eða 239.709 m.kr. Erlend verðbréf námu 77% af heildareignum og 80,2% af heildareignum í erlendum gjald-

Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

M.kr.	2024	2023	Breyting
Hrein vaxtagjöld	(3.779)	(9.356)	5.577
Virðisbreytingar eigna	1.420	10.888	(9.468)
Tekjur af hlutfjáreign	72	55	17
Gengismunur	(2.898)	(11.153)	8.255
Tap af fjármálagerningum	(5.185)	(9.566)	4.381
Rekstrartekjur	4.310	3.909	401
Rekstrargjöld	(9.584)	(8.361)	(1.223)
Áhrif dótturfélaga	130	398	(268)
Afkoma ársins	(10.328)	(13.620)	3.292

Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

M.kr.	31.12.2024	31.12.2023	Breyting
<i>Eignir</i>			
Gulleign	23.136	17.922	5.214
Kröfur á erl. aðila í erl. gjaldeyri	861.770	772.129	89.641
Kröfur á innl. aðila í erl. gjaldeyri	0	-	0
Kröfur á innlenda aðila vegna peningastefnu	18.313	18.709	(396)
Kröfur á innl. aðila í innl. gjaldeyri	4.501	4.522	(21)
Aðrar eignir	14.042	13.428	614
Eignir samtals	921.762	826.710	95.052
<i>Eigið fé og skuldir</i>			
Eigið fé	89.979	100.952	(10.973)
Útgefnir seðlar og mynt	70.987	75.709	(4.722)
Skuldir við erl. aðila í erl. gjaldeyri	76.475	77.570	(1.095)
Skuldir við innl. aðila í erl. gjaldeyri	260.169	196.715	63.454
Skuldir við erl. aðila í innl. gjaldeyri	1.295	1.293	2
Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	336.387	281.656	54.731
Skuldir við innl. aðila í innl. gjaldeyri	85.054	91.451	(6.397)
Aðrar skuldir	1.417	1.366	51
Eigið fé og skuldir samtals	921.762	826.710	95.052

miðli. Erlendar bankainnstæður lækkuðu um 104.287 m.kr. milli ára sem stafar að langmestu leyti af kaupum á bréfum í evrum. Í árslok 2024 voru 52,2% erlendra bankainnstæðna í evrum og 45,9% í bandaríkjadöllum.

Í lok ársins 2024 námu eignir bankans alls 921.762 m.kr. en voru 826.710 m.kr. í árslok 2023. Eigið fé bankans nam 89.979 m.kr. í árslok 2024 samanborið við 100.952 m.kr. í lok árs 2023. Eiginfjárlutfall bankans er nú 9,8% samanborið við 12,2% í árslok 2023. Erlendar eignir bankans námu 96% af heildareignum hans í lok árs 2024 eins og undanfarin ár.

Ársreikningur bankans er birtur aftur í þessari árs-skýrslu auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið

Seðlabanki Íslands skal lögum samkvæmt búa yfir fjárhagslegum styrk sem gerir honum kleift að rækja lögbundið hlutverk sitt. Liður í þessu er að bankinn skal ákveða á hverju ári eiginfjármarkmið sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Eiginfjármarkmiðið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma. Ákvörðun um eiginfjármarkmið er staðfest af bankaráði og var það ákveðið 150 ma.kr. á árinu 2024.

Rekstrarafkoma Seðlabankans var sem fyrr segir neikvæð á árinu, sem helst má rekja til neikvæðs vaxtajafnaðar og hækkunar á gengi krónunnar. Því lækkaði eigið fé bankans og var í árslok 2024 um 90 ma.kr., sem er undir eiginfjármarkmiðinu sem staðfest var af bankaráði. Til samanburðar var eigið fé í árslok 2023 um 101 ma.kr. en í lok árs 2022 115,5 ma.kr. Bankinn kallaði ekki inn eigið fé frá ríkissjóði á árinu en lagaheimild er fyrir innköllun á allt að 77,6 ma.kr. á verðlagi 2024.

Niðurstöður sviðsmyndagreiningar á þróun afkomu og eigin fjár bankans til næstu þriggja ára sýna að horfur eru almennt nokkuð hagstæðari fyrir bankann en þær hafa verið undanfarin ár. Þó að aðgerðir sem gripið var til á árinu hafi bætt vaxtajöfnuð bankans töluvert má gera ráð fyrir að hann verði áfram lítillega neikvæður og gæti það því stuðlað að því að eigið fé lækki enn frekar. Mat á eiginfjárpörf bankans gefur þó ekki tilefni til að breyta eiginfjármarkmiði bankans sem ákveðið var árið 2024. Það hefur því verið staðfest óbreytt af bankaráði eða 150 ma.kr. fyrir árið 2025.

Árlega er tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar bankans samkvæmt aðferð sem lýst er í lögum um Seðlabanka Íslands. Þannig er hagnaði bankans, að frádregnum færslum í varasjóð, ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla

eigið fé bankans. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laga um Seðlabanka Íslands er ekki greiddur arður í ríkissjóð vegna ársins 2024 vegna taprekstrar og eiginfjárstöðu undir eiginfjármarkmiði.

Ársreikningur 2024

IX

Efnisyfirlit samstæðu

Áritun óháðs endurskoðanda	44
Staðfesting ársreiknings Seðlabanka Íslands	46
Rekstrarreikningur 2024	47
Efnahagsreikningur 31. desember 2024	48
Eiginfjáryfirlit	50
Sjóðstreymisyfirlit	51
Skýringar	52

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bankaráðs og bankastjóra Seðlabanka Íslands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Seðlabanka Íslands („bankinn“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu bankans 31. desember 2024 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð bankanum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Bankaráð og seðlabankastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru upplýsingar í ársskýrslu að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð bankaráðs og seðlabankastjóra á ársreikningnum

Bankaráð og seðlabankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bankaráði og seðlabankastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi bankans og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa bankann upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Bankaráð og seðlabankastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endur-

skoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits bankans.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bankaráðs og seðla-bankastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem

valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi bankans. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert bankann órekstrarhæfan.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum bankaráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Reykjavík, 12. mars 2025

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

Staðfesting ársreiknings Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. mars 2025

Áritun bankaráðs

Þórunn Guðmundsdóttir
Arnar Bjarnason
Þorsteinn Víglundsson

Gylfi Magnússon
formaður

Kirstín Þ. Flygenring
Sigurjón Arnórsson

Áritun seðlabankastjóra

Ásgeir Jónsson

Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 19. mars 2025

Kristrún Frostadóttir

Rekstrarreikningur 2024

	Skýring	2024	2023
Vaxtatekjur af innlendum eignum og skuldum	4	804.058	851.643
Vaxtatekjur af erlendum eignum	4	29.248.728	24.771.771
Vaxtagjöld af innlendum skuldum	5	(30.724.111)	(31.674.280)
Vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum	5	(3.108.082)	(3.305.594)
Hrein vaxtagjöld		(3.779.407)	(9.356.460)
Erlendar virðisbreytingar eigna		578.613	10.497.101
Innlendar virðisbreytingar eigna		841.643	390.488
Virðisbreytingar eigna samtals	6	1.420.256	10.887.589
Tekjur af hlutafjáreign	7	72.324	55.482
(Tap)/hagnaður af fjármálagerningum fyrir gengismun		(2.286.827)	1.586.611
Gengismunur	8	(2.897.677)	(11.152.994)
Tap af fjármálagerningum		(5.184.504)	(9.566.383)
Eftirlitstekjur	9	3.224.363	2.809.523
Þjónustutekjur	10	968.476	1.005.443
Aðrar tekjur		117.383	94.127
Aðrar tekjur samtals		4.310.222	3.909.093
Laun og launatengd gjöld	11	(5.947.269)	(5.439.072)
Annar rekstrarkostnaður	12	(2.669.032)	(2.166.892)
Þjónustugjöld	13	(604.853)	(479.535)
Afskriftir fastafjármuna	19.1	(261.528)	(182.951)
Afskriftir hugbúnaðar	19.2	(101.094)	(92.326)
Rekstrargjöld samtals		(9.583.776)	(8.360.776)
Áhrif dótturfélaga	19.3	129.644	398.405
Tap ársins		(10.328.414)	(13.619.661)

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýring	31.12.2024	31.12.2023
<i>Eignir</i>			
Gulleign	14	23.135.573	17.922.466
Kröfur á erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	15	861.769.553	772.128.679
Erlendar bankainnstæður	15.1	61.587.864	165.875.266
Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	15.2	90.185.936	91.133.203
Erlend verðbréf og aðrar eignir í forða	15.3	709.990.546	515.114.041
Eignir utan forða	15.4	5.207	6.169
Kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	16	411	-
Kröfur á innlenda aðila vegna peningastefnu	17	18.313.197	18.709.386
Ríkissjóður	17.1	18.313.197	18.191.723
Innlánsstofnanir	17.2	-	517.663
Kröfur á innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	18	4.501.247	4.522.010
Innlánsstofnanir	18.1	75.503	151.007
Ríkissjóður	18.2	4.412.421	3.967.948
Aðrir aðilar	18.3	13.323	403.055
Aðrar eignir	19	14.042.159	13.427.923
Varanlegir rekstrarfjármunir	19.1	10.900.037	9.623.583
Hugbúnaður	19.2	718.525	643.646
Aðrar eignir	19.3	2.423.597	3.160.694
Eignir samtals		<u>921.762.140</u>	<u>826.710.464</u>

	Skýring	31.12.2024	31.12.2023
<i>Eigið fé og skuldir</i>			
<i>Eigið fé</i>			
Stofnfé		109.082.609	105.563.920
Óinnkallað stofnfé		(77.581.609)	(74.062.920)
Varasjóður		8.811.824	6.875.960
Endurmat fasteigna og lausafjármuna		5.030.136	5.757.551
Bundnar hlutdeildartekjur		947.493	964.298
Annað eigið fé		43.688.488	55.853.173
Eigið fé samtals	20	<u>89.978.941</u>	<u>100.951.982</u>
<i>Skuldir</i>			
Útgefnir seðlar og mynt	21	70.987.109	75.709.202
Skuldir við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	22	76.474.761	77.569.529
Innlán	22.1	201.798	62.330
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	15.2	76.272.963	77.507.199
Skuldir við innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	23	260.169.325	196.714.762
Skuldir við erlenda aðila í innlendum gjaldeyri	24	1.294.869	1.292.831
Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	25	336.386.881	281.655.682
Innlán	25.1	78.371.003	52.318.982
Bindiskylda	25.2	107.945.282	63.384.460
Bundin innlán	25.3	150.070.596	165.952.240
Skuldir við innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	26	85.053.584	91.450.793
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	26.1	83.461.576	89.911.913
Aðrir aðilar	26.2	1.592.008	1.538.880
Aðrar skuldir	27	1.416.669	1.365.683
Skuldir samtals		<u>831.783.199</u>	<u>725.758.482</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>921.762.140</u>	<u>826.710.464</u>

Eiginfjáryfirlit

	<i>Stofnfé</i>	<i>Óinnkallað stofnfé</i>	<i>Varasjóður</i>	<i>Endurmat fasteigna</i>	<i>Bundnar hlutdeildar- tekjur</i>	<i>Annað eigið fé</i>	<i>Eigið fé samtals</i>
2024							
Eigið fé 1. janúar 2024	105.563.920	(74.062.920)	6.875.960	5.757.551	964.298	55.853.173	100.951.982
Verðbætur á óinnkölluðu stofnfé	3.518.689	(3.518.689)	-	-	-	-	-
Tap ársins 2024	-	-	1.935.864	-	13.083	(12.277.361)	(10.328.414)
Innleystar hlutdeildartekjur	-	-	-	-	(29.889)	29.889	-
Endurmat fasteigna 2024	-	-	-	(644.629)	-	-	(644.629)
Afskrift endurmetinna eigna 2024	-	-	-	(82.786)	-	82.786	-
Eigið fé 31. desember 2024	<u>109.082.609</u>	<u>(77.581.609)</u>	<u>8.811.824</u>	<u>5.030.136</u>	<u>947.493</u>	<u>43.688.488</u>	<u>89.978.941</u>
2023							
Eigið fé 1. janúar 2023	100.243.273	(68.742.273)	-	6.792.589	565.893	76.652.959	115.512.441
Verðbætur á óinnkölluðu stofnfé	5.320.647	(5.320.647)	-	-	-	-	-
Tap ársins 2023	-	-	6.875.960	-	398.405	(20.894.026)	(13.619.661)
Endurmat fasteigna 2023	-	-	-	(940.800)	-	-	(940.800)
Afskrift endurmetinna eigna 2023	-	-	-	(94.237)	-	94.237	-
Eigið fé 31. desember 2023	<u>105.563.920</u>	<u>(74.062.920)</u>	<u>6.875.960</u>	<u>5.757.551</u>	<u>964.298</u>	<u>55.853.173</u>	<u>100.951.982</u>

Í skýringu 20 er greint frá reikningshaldslegri meðhöndlun eiginfjárliða, sundurliðun á breytingum á varasjóði auk þess sem sýnd er þróun á eiginfjárlutfalli bankans undanfarin ár.

Sjóðstreymisyfirlit

	Skýring	2024	2023
<i>Rekstrarhreyfingar</i>			
Innheimtar vaxtatekjur		21.148.217	19.117.577
Greidd vaxtagjöld		(28.445.342)	(34.053.185)
Greiddir vextir		(7.297.126)	(14.935.608)
Innheimtar eftirlitstekjur	9	3.224.363	2.809.523
Innheimtar þjónustutekjur og aðrar tekjur		1.682.155	302.270
Greidd þjónustugjöld		(587.393)	(477.858)
Innborgaður arður af hlutafjáreign	7	72.324	55.482
Greidd rekstrargjöld		(8.720.204)	(7.591.477)
Handbært fé til rekstrar		(11.625.881)	(19.837.669)
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>			
Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða	15.3	(530.026.112)	(540.387.848)
Seld og innheimt verðbréf í gjaldeyrisforða		328.554.968	354.661.196
Keypt ríkisbréf		(164.029)	(3.971.155)
Uppgreidd stuðningslán	17.2	517.663	-
Seld verðbréf í innlendum gjaldeyri		151.580	4.115.030
Aðrar eignir		666.118	1.247.153
Keyptir rekstrarfjármunir	19.1	(2.064.952)	(1.466.975)
Seldir rekstrarfjármunir		2.300	-
Keyptur hugbúnaður	19.2	(175.972)	-
Lækkun hlutafjár dótturfélags		-	588.000
Dótturfélagi slitið	30	638.467	-
Fjárfestingarhreyfingar samtals		(201.899.970)	(185.214.599)
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>			
Útgefnir seðlar og mynt	21	(4.722.093)	(4.977.519)
Innlán í erlendum gjaldeyri		74.279.669	(29.538.951)
Innlán í innlendum gjaldeyri		43.167.184	5.342.871
Aðrar skuldir		(639.870)	214.002
Fjármögnunarhreyfingar samtals		112.084.890	(28.959.597)
Lækkun á erlendum bankainnstæðum		(101.440.961)	(234.011.865)
Gengismunur erlendra bankainnstæðna	8	(2.846.441)	(8.532.415)
Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun		165.875.266	408.419.546
Erlendar bankainnstæður í árslok	15.1	61.587.864	165.875.266

Gjörningar án greiðsluáhrifa

Við slit dótturfélags fékk bankinn að auki tvær eignir, fasteign og landareign. Virði eignanna var við eignfærslu 119,9 m.kr.

Skýringar

Almennt

1	Upplýsingar um Seðlabanka Íslands	53
2	Grundvöllur reikningsskilanna	53
3	Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir	53
4	Vaxtatekjur	54

Skýringar við rekstrarreikning

5	Vaxtagjöld	55
6	Virðisbreytingar eigna	55
7	Tekjur af hlutafjáreign	56
8	Gengismunur	56
9	Eftirlitstekjur	57
10	Þjónustutekjur	57
11	Laun og launatengd gjöld	57
12	Annar rekstrarkostnaður	58
13	Þjónustugjöld	58

Skýringar við efnahagsreikning

14	Gulleign	59
15	Kröfur á erl. aðila í erlendum gjaldeyri	59
16	Kröfur á innl. aðila í erlendum gjaldeyri	61
17	Kröfur á innl. aðila vegna peningastefnu	61
18	Kröfur á innl. aðila í innlendum gjaldeyri	61
19	Aðrar eignir	62
20	Eigið fé	65
21	Útgefnir seðlar og mynt	66
22	Skuldir við erl. aðila í erlendum gjaldeyri	67

23	Skuldir við innl. aðila í erlendum gjaldeyri	67
24	Skuldir við erl. aðila í innlendum gjaldeyri	67
25	Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	67
26	Skuldir við innl. aðila í innlendum gjaldeyri	68
27	Aðrar skuldir	68

Aðrar upplýsingar

28	Krónukerfið	69
29	Gjaldeyrisviðskipti á árinu	69
30	Tengdir aðilar	70
31	Kostnaðargreining	73
32	Fjármálaeftirlit	73
33	Önnur mál	73
34	Atburðir eftir lok reikningsskiladags	73

Áhættustýring

35	Gjaldeyrisforði	74
36	Kröfuáhætta	74
37	Lausafjáraáhætta	76
38	Uppgjörsáhætta	77
39	Markaðsáhætta	78
40	Áhætta tengd innlendum markaðsviðskiptum og innlánnum	79

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

41	Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	80
----	-----------------------------------	----

Almennt

Skýring 1 – Upplýsingar um Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem

samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

Skýring 2 – Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Seðlabanka Íslands 31. desember 2024 er gerður í samræmi við lög um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019 og lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ársreikningurinn byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskildum veltufjáreignum og fasteignum sem færðar eru á gangvirði. Til veltufjáreigna

teljast skuldabréf á markaði og afleiður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna. Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir eru settar fram í skýringu 41.

Skýring 3 – Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Stjórnendur yfirfara reglulega mat og forsendur þess og breyta eftir því sem ástæða þykir til. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skýringar við rekstrarreikning

Skýring 4 – Vaxtatekjur

	2024	2023
<i>Vaxtatekjur af innlendum eignum og skuldum</i>		
Vaxtatekjur af daglánum	601	674
Vaxtatekjur af veðlánum	15.762	63.989
Vaxtatekjur af óverðtryggðum verðbréfum	663.792	648.764
Vaxtatekjur af verðtryggðum verðbréfum	123.680	137.194
Vaxtatekjur aðrar	223	1.022
Vaxtatekjur af innlendum eignum og skuldum samtals	804.058	851.643
<i>Vaxtatekjur af erlendum eignum</i>		
Vaxtatekjur af stöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	3.467.146	3.420.536
Vaxtatekjur af bankareikningum	3.992.112	11.116.295
Vaxtatekjur af verðbréfum	21.789.470	10.234.940
Vaxtatekjur af erlendum eignum samtals	29.248.728	24.771.771

Vaxtatekjur af innlendum eignum og skuldum lækkuðu um 47,6 m.kr. frá árinu 2023 eða um 6%.

Vaxtatekjur af veðlánnum fyrir árið 2024 eru vegna sérstakra stuðningslána en þau voru greidd upp í júlí 2024.

Vaxtatekjur af óverðtryggðum og verðtryggðum verðbréfum breyttust lítið milli ára.

Vaxtatekjur af erlendum eignum hækkuðu um 4,5 ma.kr. frá árinu 2023.

Vaxtatekjur af erlendum bankareikningum lækkuðu á milli ára um 7,1 ma.kr. en vaxtatekjur af verðbréfum hækkuðu um leið um 11,6 ma.kr. Þessi breyting endurspeglar umtalsverða aukningu í verðbréfaeign á árinu, og á móti lækkaðar innstæður á bankareikningum.

Skýring 5 – Vaxtagjöld

	2024	2023
<i>Vaxtagjöld af innlendum skuldum</i>		
Vaxtagjöld af bundnum innlánum	15.726.672	14.127.353
Vaxtagjöld af viðskiptareikningum	11.796.936	10.157.098
Vaxtagjöld af gjaldeyrisreikningum	2.505.489	6.644.195
Vaxtagjöld af öðrum innlendum skuldum	695.014	745.634
Vaxtagjöld af innlendum skuldum samtals	30.724.111	31.674.280
<i>Vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum</i>		
Vaxtagjöld af stöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	2.974.628	2.950.022
Vaxtagjöld af erlendum bankareikningum	1.157	1.454
Vaxtagjöld af erlendum forðabréfum	132.297	354.118
Vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum samtals	3.108.082	3.305.594

Vaxtagjöld af innlendum skuldum lækkuðu milli ára um 1 ma.kr.

